


skoðun 12

**2 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




**Metþátttaka**
*Tvö þúsund unglingar keppa á 15. unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi um helgina.*
FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
3. ágúst 2012
181. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Draggkeppni í Eldborg**
*Draggkeppni Íslands fer fram í glæsilegasta sal landsins í næstu viku.*
popp 30

**Ólympíuandi í Árbæ**
*Árbæjarsafn efnir til Ólympíuleika um helgina þar sem keppt verður í pokahlaupi og skutlukasti.*
tímamót 16



**Mætir jötni frá Brasilíu**
*Þormóður Jónsson kemur óttalaus til keppni á Ólympíuleikunum í dag.*
sport 26

**veðrið í dag**




**HÆGVIÐRI** Í dag verður hæg V-læg átt að mestu og bjart um N-og A-vert landið. Líkur á þokubökkum við ströndina. Hiti 12-20 stig.
VEÐUR 4

# Meðalverð bensíns hefur fylgt heimsmarkaðsverði

**Bensínverð hefur fylgt lækkun á heimsmarkaðsverði og gengisvísitölu. Sýnir að aðhald borgar sig, segir framkvæmdastjóri FÍB. Bensínsala minnkar og sparneytnum bílum fjölgar. Bílasala aukist um 50% frá í fyrra.**

**NEYTENDUR** Meðalverð á bensíni hefur lækkað frá því í vor og helst í takt við lækkun á heimsmarkaðsverði og lægri gengisvísitölu. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) segir þetta jákvæða þróun. „Þetta sýnir að aðhald er til staðar og menn eru að fylgjast með þessu.“

Runólfur segir eðlilegt að miða við þróun á heimsmarkaðsverði, líkt og gert sé í nágrannalöndunum. „Það hafa stundum verið brögð að því að menn séu skjótir að hækka ef þetta er upp á við og þá eiga menn með sama hætti að vera skjótir niður ef það verða lækkanir. Það er bara jákvætt ef markaðurinn er að laga sig að þessu.“

Samkvæmt upplýsingum frá FÍB var meðalverð á bensíni í apríl 266,90 krónur, en 244,40 í júlí. Það kemur heim og saman við heimsmarkaðsverð, en samkvæmt útreikningum FÍB var meðalverð á lítra á heimsmarkaði 111,70 krónur í apríl en var komið niður í 94,40 krónur í júlí. Meðalálagning á hvern lítra hefur einnig farið lækkandi, úr 36,30 krónum í apríl í 35,80 krónur í júlí.

Runólfur segir að í þessum útreikningum FÍB sé tekið tillit til gengisbreytinga, en gengisvísitalan hefur lækkað stöðugt síðan í vor. Hún var 228,7 stig þann 4. apríl, en 208,5 stig í gær.

Nokkur samdráttur hefur verið í bensínsölu á milli ára, að mati Runólfs. „Annars vegar hugar fólk betur að því hvaða leiðir það fer og hins vegar er bílasala meira í áttina að eyðslugrennri bílum.“

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, staðfestir það. Fólk kaupi frekar sparneytna bíla, ekki síst þegar eldsneytisverð sé hátt, en einnig sé bílasala almennt að aukast, sem skili sér í minni eldsneytisþörf.

„Það verður að taka inn í myndina að nýir bílar eyða umtalsvert minna en gamlir. Nýr bíll er um tuttugu prósentum sparneytnari en fjögurra ára gamlir bílar af sömu gerð.“

Özur segir bílasölu hafa aukist jafnt og þétt allt árið og miðað við síðustu mánaðamót sé fimmtíu prósenta aukning á milli ára. Helmingurinn af því fari til bílaleiga, en engu að síður sé um aukningu að ræða. Bílaflotinn sé þó enn allt of gamall. **- kóp**

**Þróun bensínverðs árið 2012**

| | Útsöluverð* | Innkaup m/ opinb. gjöldum | Útsöluverð -kostn.verð | Skattar kr/l | Álagning +flutn.kostn. |
|---|---|---|---|---|---|
| apríl | 266,87 | 235,29 | 31,58 | 123,60 | 31,50 |
| maí | 256,84 | 219,82 | 37,02 | 121,56 | 36,94 |
| júní | 247,30 | 209,25 | 38,05 | 119,62 | 37,78 |
| júlí | 244,41 | 213,34 | 31,07 | 119,03 | 31,07 |

*Sjálfsafgreiðsla
heimild FÍB




**SÖGULEGUR SIGUR** Íslensku handboltastrákarnir unnu í gær fyrsta sigurinn á Svíþjóð á stórmóti í 48 ár. Róbert Gunnarsson, línumaðurinn snjalli, fagnar hér sigrinum með dóttur sinni. **Sjá síðu 26** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrsta sýning Benna á Íslandi:

## Sýnir DiCaprio á Akureyri

**LJÓSMYNDIR** Ljósmyndarinn Benni Valsson opnar fyrstu alvörusýningu sína á Íslandi á morgun í Ketilhúsinu á Akureyri.



BENNI VALSSON

Hann hefur myndað þekkta listamenn undanfarin fimmtán ár og verða til sýnis 57 myndir af stjörnum á borð við Leonardo DiCaprio og Bruce Willis. Benni hefur myndað listamenn víða um heim og unnið mikið fyrir frönsk tímarit og dagblöð.

„Ég byrjaði í kringum ´98 að mynda fræga listamenn og hef verið mikið við það síðan,“ segir Benni. **- hþt / sjá síðu 30**

Lögreglan býst við þungri umferð um Selfoss fyrir verslunarmannahelgina:

# Þúsundir streyma á Suðurland

**VERSLUNARMANNAHELGI** Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í fimmtánda sinn á Selfossi um helgina. Lögreglan á Selfossi býst við að umferðin verði mikil síðdegis í dag og jafnvel er búist við teppu við Ölfusárbrú þegar ferðalangar flykkjast á útihátíðir og í sumarhús. Umferðin um bæinn hefur þó undanfarin ár alltaf gengið vel fyrir verslunarmannahelgi að sögn lögreglu.

Til að létta umferðina um þjóðveg 1 er ferðalöngum sem ætla að dvelja í uppsveitum Árnessýslu bent á að fara yfir Lyngdalsheiði. Þeir sem ætla á Landsmótið á Selfossi ætti að fara um Þrengslin.

**15** þúsund manns verða að öllum líkindum á unlingslandsmóti Ungmennfélags Íslands á Selfossi um helgina.

Búist er við hátt í 15 þúsund manns á unglingalandsmótið. Margir keppendur og fjölskyldur þeirra voru mættir á svæðið í gærkvöldi.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Ómar Braga Stefánsson, framkvæmdastjóra landsmótsins, í gærkvöldi sagði hann að einhver tjaldstæði væru þegar farin að fyllast. Keppni hefst í golfi og körfubolta klukkan átta fyrir hádegi í dag en alls eru keppnisgreinarnar fjórtán.

Lögreglan mun ekki hafa sérstakan viðbúnað vegna fjöldans en kallar út aukamannskap ef með þarf.

Herjólfur siglir fimm ferðir frá Landeyjahöfn í dag og eru öll 528 plássin full í hverri ferð. Margir komu til Vestmannaeyja í gær en Þjóðhátíð hefst í kvöld með tónleikum og brennu á Fjósakletti.

Á mánudag mun lögreglan hafa eftirlit með ástandi ökumanna og beinir þeim tilmælum til fólks að það ætti að vera visst um ástand sitt áður en það sest undir stýri. **- bþh**







## SPURNING DAGSINS



*Jón, dragið þið ekki orðspor bæjarins niður í svaðið?*

„Það er ekki hægt, því Ísafjörður er svo drulluflottur bær.“

Mýrarboltafélag Íslands stendur fyrir Evrópumeistaramóti í mýrarbolta á Ísafirði um helgina. Jón Páll Hreinsson er gjaldkeri félagsins.

Aldrei hafa fleiri verið á biðlista eftir stúdentaíbúðum að lokinni haustúthlutun:

# Langur biðlisti á Stúdentagarða

**MENNTAMÁL** Umsóknir um húsnæði á Stúdentagörðum Félagsstofnunar stúdenta (FS) hafa aldrei verið fleiri en í ár. Metfjöldi er á biðlista eftir íbúðum.

Úthlutun húsnæðisins lýkur á næstu dögum en búist er við að ríflega þúsund manns verði á biðlista þegar úthlutuninni lýkur. Mest hafa áður verið 985 á biðlista en það var eftir úthlutun árið 2008 þegar metfjöldi stúdenta leigði á almennum leigumarkaði.

Alls hefur FS 815 íbúðir til leigu en í þeim búa nú um 1.500 einstaklingar. Þar af hafa 175 íbúðir verið teknar í notkun frá árinu 2006, síðast árið 2009 þegar FS hóf að leigja út 80 fjölskylduíbúðir við Skógarveg í Fossvogi.

Nú standa yfir framkvæmdir við byggingu nýrra Stúdentagarða í Vatnsmýri. Alls er þar um að ræða 299 íbúðir fyrir einstaklinga og pör sem munu hýsa um 320 íbúa fullbúnar.

Gert er ráð fyrir að allar íbúðirnar í Vatnsmýrinni verði komnar í notkun í árslok 2013 en auk þess er í farvatninu frekari uppbygging stúdentaíbúða á næstu misserum. **- mþl**




Annasamur dagur í gær:

# Miklar annir hjá Landsbjörg

**SLYS** Mikið var að gera hjá björgunarsveitum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar um allt land í gær. Björgunarsveitir í Eyjafirði voru kallaðar út vegna manns sem var saknað við Dalvík. Maðurinn fannst heill á húfi.

Björgunarskipið Húnabjörg var kallað út í gærmorgun og tók vélarvana bát í tog þar sem hann var á reki sex mílur norðan við Skagaströnd. Þrír menn voru um borð og sakaði þá ekki. Alls tóku 140 björgunarsveitarmenn þátt í öllum björgunaraðgerðum í gær. **- bþh**



**Á STRÖNDINNI** Landsmenn hafa haft næg tækifæri til útiveru í júlí, hvort sem er á ströndinni í Nauthólsvík eða annars staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hitinn í júlí vel yfir meðallagi:

# Tíundi hlýjasti júlí í Reykjavík

**VEÐUR** Nýliðinn júlí var tíundi hlýjasti júlímánuðurinn í Reykjavík frá upphafi mælinga. Í samantekt Veðurstofu Íslands kemur fram að meðalhitinn í Reykjavík var 12,5 stig, 1,9 stigi yfir meðaltali júlímánaðar.

Meðalhitinn mældist hæstur í Skarðsfjöruvita, 13,1 stig. Úrkoman á landinu var nær alls staðar undir meðaltali, en júlí var þó langt frá því jafn þurr og júní. Sólskinsstundirnar voru óvenju margar á Norðurlandi, og vel yfir meðaltali sunnanlands. **- bj**

Lögregla á tánum um helgina:

# Fólk tilkynni grunsamlegar mannaferðir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun vakta íbúðarhverfi eins og kostur er um verslunarmannahelgina enda fátt óskemmtilegra en að koma heim úr ferðalagi þegar innbrotsþjófar hafa látið greipar sópa á heimilinu, eins og segir í tilkynningu.

Lögreglan hvetur fólk til að láta vita um grunsamlegar mannaferðir, og vera tilbúið að lýsa mönnum og bílum. Þá brýnir hún fyrir fólki sem hyggur á ferðalög að ganga tryggilega frá heimilum sínum. Fólki er ráðlagt að fá nágranna til að leggja í bílastæði, kveikja og slökkva ljós og taka blöð og póst frá útidyrum. **- bj**



**MUNAÐI LITLU** Það munaði ekki nema tveimur metrum að annar bíllinn lenti á Aðalsteini. Þá hefði ekki þurft að sökum að spyrja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# „Feginn að sleppa“

**Aðalsteinn Jónsson getur þakkað fyrir að vera á lífi eftir að tveir bílar skullu á húsinu sem hann var að mála. Fólk í fíkniefnavímu flúði úr öðrum bílnum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það munaði svona tveimur metrum að ég yrði fyrir bílnum,“ segir Aðalsteinn Jónsson, áttræður íbúi við Grettisgötu, sem var að mála húsið sitt að utan þegar tveir bílar lentu í árekstri á gatnamótum Grettisgötu og Vitastígs. Bílarnir skullu í kjölfarið báðir harkalega á veggnum við hliðina á Aðalsteini.

„Ég var að mála vegg á húsinu sem sneri að götunni, neðarlega þannig að ég kraup og sneri bakinu í götuna,“ útskýrir Aðalsteinn.

„Það er nú almennt dálítil bílaumferð hérna þannig að ég var svo sem ekkert að líta upp þótt ég heyrði í bíl. Ég varð eiginlega ekki var við þetta fyrr en bílarnir tveir skullu á húsinu og á dyrunum hjá mér, þar sem gengið er inn í húsið.“

> Ég varð eiginlega ekki var við þetta fyrr en bílarnir tveir skullu á húsinu og á dyrunum hjá mér.
>
> **AÐALSTEINN JÓNSSON** ÍBÚI VIÐ GRETTISGÖTU

Hann viðurkennir að honum hafi orðið hverft við – að minnsta kosti til að byrja með. „Já já, þetta var óþægilegt.“

Slysið varð með þeim hætti að Toyota Yaris-bíll sem ekið var vestur Grettisgötu skall á jeppa sem var að koma upp Vitastíg. Eftir áreksturinn stukku ökumaðurinn og tveir farþegar út úr Yarisnum og lögðu á flótta.

„Það dreif nú fljótlega að margt fólk og eitthvað af aðkomufólki hljóp á eftir þeim til að stoppa þau af en það virtist ekki takast,“ segir Aðalsteinn.

Lögreglan hafði hins vegar hendur í hári fólksins skömmu síðar, tveggja karla og einnar konu, og færði í fangaklefa. Þau voru öll undir áhrifum fíkniefna.

Aðalsteinn segist ekki halda að húsið hafi orðið fyrir skemmdum. Hann hefur verið duglegur að dytta að því undanfarið og segist ekki ætla að hætta því þrátt fyrir skelkinn. „Nei, nei. Ég er bara feginn að sleppa í þetta skiptið og held mínu striki.“ **stigur@frettabladid.is**

Tekinn með 1.000 e-töflur:

# Úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega eitt þúsund e-töflur fundust í farangri íslensks karlmanns á þrítugsaldri við hefðbundið eftirlit tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli í síðustu viku.

Maðurinn, sem var að koma frá Kaupmannahöfn, var handtekinn og í kjölfarið úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum hefur maðurinn komið áður við sögu lögreglu, þó ekki vegna smygls á fíkniefnum. Rannsókn málsins er enn í gangi, en fleiri hafa ekki verið handteknir. **- bj**

Sprengiefni fundust á Spáni:

# Þrír handteknir

**SPÁNN, AP** Lögreglan á Suður-Spáni handtók í gær þrjá meinta hryðjuverkamenn sem grunaðir eru um tengsl við Al-Kaída hryðjuverkanetið.

Mennirnir höfðu komist yfir talsvert magn af sprengiefnum og eru grunaðir um að hafa ætlað að fremja hryðjuverk á Spáni eða annars staðar í Evrópu, sagði Jorge Fernandez Diaz, innanríkisráðherra Spánar.

Hann sagði handtökurnar mikilvægan árangur í baráttunni við Al-Kaída, og þakkaði „bandamönnum“ Spánar samstarf við rannsókn málsins. **- bj**

## LÖGREGLUMÁL

### Landi tekinn á leið til Eyja

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á um 65 lítra af 45% landa sem bruggari reyndi að senda með flutningafyrirtæki í Reykjavík til Vestmannaeyja þar sem selja átti drykkinn á Þjóðhátíð um helgina. Gerð var húsleit á Selfossi í kjölfarið og tveir menn handteknir. Hjá þeim fundust 58 lítrar af landa í viðbót, auk stera.




Stjórnarformaður Sæferða fráleitt að kenna fyrirtækinu einu um minnkandi varp:

# Segir fleiri í arnarvarpsskoðun

**NÁTTÚRA** Páll Kr. Pálsson stjórnarformaður Sæferða segir að það verði forvitnilegt að sjá hvernig yfirvöld taki á öðrum sjófarendum sem sigli um sömu svæði og þeir um Breiðafjörðinn.

„Það er að vissu leyti skiljanlegt að við séum teknir fyrir þar sem við erum stærstir en það eru náttúrulega fleiri að skoða á þessu sama svæði og við, bæði einstaklingar og ferðaþjónustuaðilar,“ segir hann. Hann sendi frá sér, fyrir hönd Sæferða, yfirlýsingu vegna skrifa á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem segir að Sæferðir hafi haft truflandi áhrif á arnarvarp í Breiðafirði. Umhverfisstofnun kærði Sæferðir nýlega fyrir að sigla með ferðamenn upp að arnarhreiðrum. Fyrirtækið hafði fengið leyfi til þess undanfarin þrettán ár en það leyfi var ekki veitt í ár. Hafði fyrirtækið gengið að því vísu að leyfið fengist og því hafið skoðunarferðir á arnarsvæðin áður en neitunin barst.

„Með yfirlýsingunni vildum við fyrst og fremst benda á að það er mikið hagsmunamál fyrir okkur að varp takist og eins það að það er engan veginn hægt að kenna ferðum Sæferða um að arnarvarp hafi misfarist við Breiðafjörð eins og reyndar um alla Vestfirði,“ segir Páll. **- jse**



**HAFÖRN** Erfitt hefur verið með arnarvarp á Breiðafirði undanfarin þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

olís Vinur við veginn

# Smellugas Olís

## einfalt og þægilegt

fyrir grillið, útileguna og heimilið.

Fæst á næstu Olís-stöð og útibúum Olís um allt land.




PIPAR\TBWA • SÍA

## GENGIÐ 02.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,47 | 121,05 |
| Sterlingspund | 187,3 | 188,22 |
| Evra | 147,82 | 148,64 |
| Dönsk króna | 19,861 | 19,977 |
| Norsk króna | 20,013 | 20,131 |
| Sænsk króna | 17,804 | 17,908 |
| Japanskt jen | 1,5393 | 1,5483 |
| SDR | 181,39 | 182,47 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,4956

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Háskóli Íslands í rannsóknarsamstarf með Alþjóðadýraverndunarsjóðnum:

# Rannsaka hegðun hvala við Ísland

**MENNTAMÁL** Háskóli Íslands (HÍ) kynnti í gær samstarfsverkefni um hvalarannsóknir með Alþjóðadýraverndunarsjóðnum (IFAW). Verkefnið er til sex vikna og mun beinast að rannsóknum á hegðun hvala við Ísland.

Rannsóknarskútan Söngur hvalanna, í eigu IFAW, verður notuð við rannsóknirnar en hún er sérhönnuð til verksins. Á kynningunni í gær afhentu þau Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar rannsóknarsetra HÍ, og Marianne Rasmussen, hvalasérfræðingur við HÍ, Robbie Marsland, yfirmanni IFAW, svokallað eyra sem notað verður til að taka upp hljóð úr hvölunum sem verða til rannsóknar.

Búnaðinum verður komið fyrir vestur af Ísafirði til að nema hljóð hvala sem verða svo rannsökuð. Þá verða einnig stundaðar rannsóknir á hegðun hrefnu í Faxaflóa auk þess sem vísindamennirnir hyggjast kanna hvort hvalaskoðun hefur sjáanleg áhrif á hegðun dýranna.

Rannsóknarskútan verður opin almenningi á milli leiðangra. Gestir geta kynnt sér verkefnið milli klukkan 14 og 17 í dag í skútunni sem liggur við Ægisgarð. **- mþl**



**VIÐ ÆGISGARÐ** Fulltrúar Háskóla Íslands afhentu vísindamönnum IFAW svokallað eyra við rannsóknarskútu IFAW við Ægisgarð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögregla höfuðborgarsvæðis:

# 850 útköll vegna heimilisofbeldis

**LÖGREGLUMÁL** Um 850 tilkynningar um ofbeldi og ófrið á heimilum bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári. Þar af var einhvers konar ofbeldi beitt í um fjórðungi tilvika. Þetta er meðal þess sem fram kemur í ársskýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir 2011 sem kom út í vikunni.

Málin mátti oft rekja til sambúðarslita og komu áfengi og fíkniefni gjarnan við sögu. Loks áttu átökin í sumum tilvikum sér stað í viðurvist barna. **- mþl**

Kandil kynnir stjórn sína:

# Tantawi áfram með varnarmál

**EGYPTALAND, AP** Hesham Kandil tók við í gær sem forsætisráðherra Egyptalands og kynnti ríkisstjórn sína, sem skipuð er 35 ráðherrum.



**HESHAM KANDIL**

Meðal annars verður Hussein Tantawi, sem í tuttugu ár hefur verið varnarmálaráðherra undir stjórn Hosnis Mubarak, áfram í því embætti.

„Þetta er ríkisstjórn almennings, ekki tengd neinum öflum,“ sagði Kandil. „Tímabilið fram undan verður ekki auðvelt, en við erum öll á sama báti.“ **- gb**

# Yfirlýsingar Draghis ollu vonbrigðum

**Seðlabankastjóri ESB boðar bein inngrip bankans í skuldabréfamarkaði til að styðja við evruna, en útskýrði ekki nánar í hverju þau áform væru fólgin. Þau verði útfærð nánar á næstu vikum. Verðbréf féllu í kjölfarið víða í verði.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Mario Draghi, bankastjóri Seðlabanka Evrópusambandsins, boðaði í gær inngrip bankans í skuldabréfamarkaði til að ná fram lækkun á lántökukostnaði ríkja á borð við Spán og Ítalíu.

Hann kynnti þó engar ákveðnar aðgerðir og olli yfirlýsing hans því vonbrigðum, ekki síst á verðbréfamörkuðum þar sem tilkynningar frá honum hafði verið beðið í ofvæni.

Hann sagði þó að á næstu vikum verði lögð nánari drög að aðgerðum á borð við kaup skuldabréfa til að létta skuldabyrði í það minnsta sumra þeirra ríkja, sem verst standa.

Draghi sagði jafnframt að ríki evrusvæðisins þyrftu nú einnig að búa sig undir að nota neyðarsjóði sína til skuldabréfakaupa. Neyðarsjóðir evruríkjanna geta sett ríkjum ströng skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð, sem seðlabankinn getur ekki gert.

Verðlækkun varð á verðbréfamörkuðum í kjölfar ræðu Draghis í gær, en lántökukostnaður bæði Spánar og Ítalíu hækkaði.

Yfirlýsingar Draghis um fyrirhuguð inngrip bankans á mörkuðum eru þó harla óvenjulegar og til marks um það hve bankinn metur ástandið alvarlegt. Skuldavandi nokkurra evruríkja er svo mikill, að viðvarandi óvissa hefur verið vikum og mánuðum saman um framtíð myntbandalagsins.

„Það var ekkert sérstakt atvik sem varð til þess að við tókum þessa ákvörðun í dag, heldur bara tilfinning fyrir því að ástandið sé að versna og afleiðingarnar að verða verri,“ sagði Draghi á blaðamannafundi í gær.

Ríkisstjórn Grikklands er enn að útfæra ný sparnaðaráform til viðbótar fyrri samdrætti í ríkisútgjöldum, sem bitnað hefur harkalega á íbúum landsins. Fulltrúar frá Seðlabanka Evrópusambandsins, framkvæmdastjórn þess og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eru að fara ítarlega yfir fjármál gríska ríkisins og nýju sparnaðartillögurnar, en gefa ekki upp fyrr en í september hvort þeir telji þær duga til að óhætt sé að veita Grikkjum frekari fjárhagsaðstoð.

Spænska stjórnin er sömuleiðis að draga harkalega saman í ríkisútgjöldum, en mætir mótspyrnu úr ýmsum áttum, nú síðast frá Katalóníu og fleiri sjálfsstjórnarhéruðum á Spáni sem segjast ekki vilja taka á sig þann samdrátt sem ríkisstjórnin hefur boðað.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**MARIO DRAGHI** Seðlabankastjóri Evrópusambandsins segir að á næstu vikum verði lögð nánari drög að inngripum í skuldabréfamarkaði. NORDICPHOTOS/AFP

> Það var ekkert sérstak atvik sem varð til þess að við tókum þessa ákvörðun í dag, heldur bara tilfinning fyrir því að ástandið sé að versna.
>
> **MARIO DRAGHI**
> BANKASTJÓRI SEÐLABANKA EVRÓPU



**BJÖRGUNARSVEITARMENN** Fimm hópar björgunarsveitarmanna voru kallaðir út auk þyrlu Landhelgisgæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björgunarsveitir kallaðar út:

# Ungmenni týndust í Brynjudal

**BJÖRGUN Fjögur ungmenni á aldrinum tólf til sautján ára fundust heil á húfi í Brynjudal í Hvalfirði aðfaranótt fimmtudags en þeirra hafði verið saknað. Björgunarsveitir voru kallaðir út upp úr miðnætti en þá hafði ekki sést til ungmennanna frá því klukkan níu um kvöldið. Þá var þyrla Landhelgisgæslunnar einnig kölluð út.**

**Drengirnir fundust við rætur fjalls ofan við dalinn. Áhöfn þyrlunnar fann stúlkurnar tvær, sem var saknað, í hlíð fjallsins.** **- mþl**

Áskrift hjá 365 miðlum:

# Breytt verðskrá áskriftarstöðva

**FJÖLMIÐLAR Breytt verðskrá áskriftarstöðva 365 miðla tekur gildi þann 3. september næstkomandi. Þá verða gerðar breytingar á grunnverði allra áskiftarstöðva. Meðallækkun á grunnverði áskrifta er á bilinu 0,5-2%. Þá verða gerðar breytingar á afsláttarkjörum Vildaráskrifenda**

**Afsláttarkjör verða sem áður 30% af grunnverði fyrir þá sem eru með fjórar áskriftarstöðvar, hins vegar breytast vildarafsláttarkjör þeirra sem eru með eina til þrjár stöðvar í áskrift.**

**Afsláttur fellur niður hjá þeim sem eru með eina áskriftarstöð, afsláttur breytist úr 18% í 10% hjá þeim sem eru með tvær og úr 23% yfir í 20% hjá þeim sem eru með þrjár stöðvar.**

Lægstu laun hækka í Eyjum:

# Gróðinn fer til vinnandi fólks

**LAUNAMÁL** Lægstu laun hjá Vestmannaeyjabæ hafa verið hækkuð um sex prósent en bæjarráð samþykkti þessa breytingu síðastliðinn þriðjudag. Breytingin mun hins vegar miða við 1. júlí.

Þetta þýðir að þeir sem áttu von á 202 þúsundum í laun fá nú rúmlega 214 þúsund. „Við förum í hagræðingaraðgerðir fyrir sex, sjö árum sem komu illa við pyngju fólks enda áraði illa,“ segir Elliði Vignisson bæjarstjóri. „En vinnandi fólk á ekki aðeins að finna fyrir því þegar illa árar heldur þarf það einnig að fá að njóta góðs af því þegar vel gengur en sú er raunin nú.“ **- jse**






## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**FERÐAHELGIN**
Fínasta veður til ferðalaga. Hægviðri víða um land og nokkuð bjart einkum inn til landsins. Þokan aðeins að stríða okkur við ströndina. Þykknar upp V-til á sunnudag með dálítilli súld síðdegis. Hiti 12-20 stig en svalara í þokunni.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 21° |
| Mallorca | 33° |
| New York | 32° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 22° |
| París | 24° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# ALLT FYRIR VERSLUNARMANNAHELGINA





TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

TILBOÐ **2.249** kr/kg
Verð áður 2.998,-

**Lambalærissneiðar**
kryddlegnar, úr miðlæri



ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ **1.431** kr/kg
Verð áður 1.789,-

**Fabrikku svínarif**
forelduð, þarf aðeins að hita



Holta

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ **2.283** kr/kg
Verð áður 2.854,-

**Kjúklingabringur**
ferskar



Holta

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ **2.319** kr/kg
Verð áður 2.899,-

**GOTT kjúklingasteikur**
kryddlegnar að hætti Rikku

**FABRIKKU BORGARAR**
Í PAKKANUM ERU TVEIR FABRIKKUBORGARAR, TVÖ FERHYRND FABRIKKUBRAUÐ, FABRIKKUSÓSA, SALT OG PIPAR.



Gildir fimmtudag til mánudags

Hammiland

50% afsláttur

*með ferskum kryddjurtum!*



HAGKAUP MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN

TILBOÐ
GRILL-LÆRI HAGKAUPS
**1.819** kr/kg.
Verð áður 2.598.-

**LAY'S SNAKK**
ÓMISSANDI FYRIR HELGINA!



**NÝTT**
PLUOT ER ÁVÖXTUR SEM SAMEINAR PLÓMU & APRÍKÓSU. SÆTUR & SAFARÍKUR.

*Nýr ávöxtur í Hagkaup*



FERSKT með FLUGI

TILBOÐ
HEILAR FLATKÖKUR 4 STK. Í PAKKA
**299** kr/pk.
Verð áður 339.-





COKE 2 LÍTRA 4 Í PAKKA
**799** kr/pk.

Jói FEL



**NÝTT**
JÓI FEL HEILKORNA HAMBORGARA-BRAUÐ



**ANDRÉS ÖND**
GÓÐUR Í FERÐALAGIÐ!



TILBOÐ
BBQ & BUFFALO VÆNGIR
**449** kr/pk.
Verð áður 697.-

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 6. ágúst á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Fylgdist þú með innsetningarathöfn forseta Íslands?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 20,2% |
| NEI | 79,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Leggur þú land undir fót um verslunarmannahelgina?*

Segðu þína skoðun á visir.is Vísir

Segir Landsbjörg henda frá sér verðmætri þjálfunaraðstöðu á Gufuskálum:

# Þarf að loka til að hagræða í rekstri

**BJÖRGUN** Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur sagt upp starfsmönnum sínum í Björgunarskólanum á Gufuskálum á Snæfellsnesi, þar sem haldin hafa verið námskeið fyrir björgunarfólk um árabil.

Fram kemur á fréttavefnum Skessuhorni að ástæðan sé sú að Landsbjörg verði að hagræða í rekstri vegna fjárskorts.

„Við erum að reyna að leita leiða til að halda starfsemi á Gufuskálum áfram og höfum leitað að aðilum til að koma að rekstrinum með okkur auk þess að standa í samningaviðræðum við hið opinbera,“ segir Hörður Már Harðarson, stjórnarformaður Landsbjargar, í samtali við Skessuhorn.

Davíð Óli Axelsson, formaður björgunarsveitarinnar Lífsbjargar í Snæfellsbæ, gagnrýnir ákvörðun Landsbjargar harðlega. Hann segir félagið hafa fengið svæðið endurgjaldslaust og það sé að gera stór og óafturkræf mistök með því að „henda frá sér“ aðstöðunni nú þegar félagið gangi í gegnum tímabundnar þrengingar. Með því sé verið að gera vinnu og peninga sem lögð hafi verið í uppbygginguna svæðisins að engu. **- bj**



**LEIT OG BJÖRGUN** Landsbjörg þarf að hagræða í rekstri til að halda starfseminni gangandi. MYND/LANDSBJÖRG

Skyggnast aftur í fortíðina:

# Pálmatré uxu á suðurskautinu

**VÍSINDI** Pálmatré og aðrar hitabeltisjurtir uxu á suðurskautinu fyrir um 53 milljónum ára. Þetta sýna rannsóknir á frjókornum sem vísindamenn fundu þegar þeir boruðu ofan í yfirborð álfunnar. Sagt er frá rannsókninni í ritinu Nature.

Rannsóknir á borkjörnunum benda til þess að meðalhitinn á suðurskautinu fyrir 53 milljónum ára hafi verið um tíu gráður á veturna en um 25 gráður á sumrin.

Loftslagið á jörðinni var talsvert öðruvísi á þessum tíma. Meðalhitinn var um fimm gráðum hærri. **- bj**






**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Talsmaður viðurkennir að flugvernd Isavia hafi brugðist þegar tveir hælisleitendur laumuðu sér um borð í farþegaþotu Icelandair á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dulbúnar boðflennur vöktu enga tortryggni

**Talsmaður Isavia segir þrennt hafa brugðist þegar tveir laumufarþegar fundust í þotu á Keflavíkurflugvelli. Mennirnir hafi sést í eftirlitsmyndavélum en ekki vakið neinar grunsemdir því þeir hafi dulbúið sig sem flugvallarstarfsmenn.**

**ÖRYGGISMÁL** „Það er engum blöðum um það að fletta að þeir hefðu ekki átt að komast inn á svæðið,“ segir Friðþór Eydal, talsmaður Isavia, um það þegar tveir hælisleitendur komust inn í farþegaþotu Keflavíkurflugvelli.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær virðist yfirlýsing Isavia frá því daginn eftir atvikið stangast á við niðurstöður Flugmálastjórnar um atburðinn. Isavia sagði ekkert athugavert við störf öryggisstarfsmanna sinna. Flugmálastjórn segir á hinn bóginn í minnisblaði til innanríkisráðuneytisins að eftirliti með aðgangi að vellinum, flughlaði og verndun farþegaþotunnar hafi verið ábótavant.

Aðspurður segir Friðþór Eydal skýringuna á misræminu sennilega þá að í yfirlýsingu Isavia hafi verið vísað til þess að öryggiskerfið í heild hafi ekki brugðist. Kerfið sé lagskipt og síðasti hlekkurinn hafi ekki brugðist því mennirnir hafi fundist við skoðun á vélinni fyrir brottför.

Að sögn Friðþórs urðu þrír samverkandi þættir til þess að hælisleitendurnir náðu alla leið inn í þotuna. Í fyrsta lagi hafi verktaki skilið eftir vinnupall sem auðveldaði að komast yfir öryggisgirðingu.

Þá bendir Friðþór á að ekki sé rétt sem fram komi í minnisblaði Flugmálastjórnar að mennirnir hafi ekki sést í eftirlitsmyndavélum. „Það varð náttúrulega vart við þá en þeir voru klæddir eins og hverjir aðrir flugvallarstarfsmenn þannig að það greinilega vakti ekki grunsemdir,“ segir hann.

Í þriðja lagi segir Friðþór að gert sé ráð fyrir því í reglum að flugvélar séu aldrei skildar eftir opnar og með aðgengi nema umráðamaður flugvélarinnar hafi við þær vakt. „Það gekk ekki eftir í þessu tilviki,“ segir hann.

Að sögn Friðþórs er allt ferli við öryggiskerfi flugvallarins tekið út og samþykkt af Flugmálastjórn. Hver og einn aðili á vellinum beri ábyrgð á sínum þætti og að kröfur séu uppfylltar. „Síðan tekur Flugmálastjórn það út reglulega,“ segir hann.

Isavia annast rekstur Keflavíkurflugvallar eins og annarra flugvalla á Íslandi. Friðþór segir að það sé hlutverk Isavia að annast flugvernd og í því felist meðal annars að sjá til þess að óboðnir gestir komist ekki inn á flugvallarsvæðið. „Það brást náttúrulega. Hefðu mennirnir ekki verið í dularklæðum eins og flugvallarstarfsmenn getur vel verið að þeir hefðu uppgötvast strax og það sást til þeirra,“ ítrekar talsmaður Isavia. **gar@frettabladid.is**

Opera-stofnandinn Jón S. von Tetzchner fjárfestir í íslensku sprotafyrirtæki:

# Guðjón Már eignast OZ-nafnið á ný

**VIÐSKIPTI** Jón Stephenson von Tetzchner, stofnandi og fyrrum forstjóri norska hugbúnaðarfyrirtækisins Opera, hefur fjárfest í íslenska sprotafyrirtækinu Medizza.

Medizza er hugarfóstur Guðjóns Más Guðjónssonar, sem jafnan er kenndur við OZ, en raunar hefur Medizza nýverið tryggt sér nafnið OZ og hefur því skipt um nafn. OZ-nafnið var áður í eigu Nokia. Viðskiptablaðið greindi frá þessu í gær

OZ er sprotafyrirtæki stofnað árið 2009 sem vinnur að því að þróa tækni fyrir stafræna dreifingu sjónvarpsefnis. Guðjón Már segir að fyrirtækið starfi í sama geira og þekkt fyrirtæki á borð við Spotify, Netflix og Hulu sem miðli afþreyingarefni á nýjan hátt.



**GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON**

„Á síðasta ári varð ákveðin kúvending í tækninni hjá okkur þegar við hófum þróun á vissum nýjungum sem voru betri en það sem við höfðum áður í höndunum,“ segir Guðjón Már og heldur áfram: „Núna árið 2012 þurfum við að hætta að hugsa eingöngu um tæknina og byrja að velta markaðsmálunum fyrir okkur líka.“

Guðjón segir að kaupin á OZ-nafninu og fjárfesting Jóns, sem er fyrsta utanaðkomandi fjárfestingin í fyrirtækinu, geri fyrirtækinu kleift að sækja fram af meiri krafti en ella á næstunni.

„Við erum ennþá lítið og ungt fyrirtæki og ég á ekki von á því að við munum blása mikið í lúðra hér heima á næstunni. Ísland er þó góður tilraunamarkaður fyrir viðskiptalíkan sem við hugsum fyrir stærri markaði þegar fram líða stundir.“ **- mþl**




# 10 GB
# Stærsta 3G net landsins
# 500 kr.

Tal kynnir til sögunnar niðurhal á stærsta **3G** neti landsins á áður óþekktu verði. Það þýðir að viðskiptavinir **Tals** sem eru með farsíma í áskrift geta gert ótrúlegustu hluti á netinu á ótrúlegustu stöðum. Jafnvel talað við mömmu á Skype í marga klukkutíma.
Kynntu þér **10 GB** fyrir **500 krónur** í síma **6-123456** eða á **www.tal.is**.




**Svona á samband að vera.**

**Tal er á 3G neti Símans**

ÍSLENSKA / SÍA TAL 59733 07.12

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hefur Ólafur Ragnar Grímsson oft svarið embættiseið sem forseti Íslands?

**2.** Hvað heitir bandaríska hugbúnaðarfyrirtækið sem keypt hefur Friðrik Skúlason ehf.?

**3.** Hvar er neðansjávarfjall sem Hafró uppgötvaði í rannsóknarleiðangri í vikunni?

**SVÖRIN**

1. Fimm sinnum. 2. Commtouch. 3. Um 120 sjómílur vestur af Snæfellsnesi.

Úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir að stinga mann með hnífi í Höfðatúni:

# Veitti manni lífshættulega áverka

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir ríflega tvítugum manni sem er grunaður um að hafa veitt jafnaldra sínum lífshættulega áverka með hnífi í Höfðatúni síðastliðið laugardagskvöld.

Þolandinn fannst rænulítill utandyra um klukkan átta og var lögreglu þegar í stað gert viðvart. Hann var mikið slasaður, skorinn á baki og síðu og með stungusár á brjóstkassa og fyrir neðan herðablað. Á sjúkrahúsi kom í ljós að vinstra lunga hans var fallið saman. Hann gekkst undir aðgerð og er nú laus af spítala.

Lögregla kom auga á tvo menn, sem hún taldi viðriðna málið, við bíl í nágrenninu. Annar þeirra var handtekinn en hinn stökk á flótta. Hann hafði hins vegar slasast í átökunum og reyndist lögreglu auðvelt að finna hann með því að rekja blóðslóð sem hann skildi eftir sig. Hann var handtekinn í bakgarði skammt frá. Hann var svo leiddur fyrir dómara á sunnudag og úrskurðaður í gæsluvarðhald til fimmtudagsins 9. ágúst, grunaður um lífshættulega árás, sem getur varðað við lagaákvæði um manndráp af gáleysi. **- sh**




**ALVARLEG ÁRÁS** Þrátt fyrir að hafa hlotið alvarlega áverka er fórnarlambið komið af sjúkrahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skoða áhrif gats á ósonlaginu:

# Fiskar greindir með húðkrabba

**VÍSINDI** Vísindamenn hafa nú í fyrsta skipti fundið útbreidd tilvik húðkrabbameins í villtum fiskistofni. Í nýrri rannsókn var heilsa kóralsilungs úti fyrir ströndum Ástralíu rannsökuð. Í ljós kom að húðkrabbamein plagar stofninn.

Þetta tengja vísindamennirnir við þá staðreynd að fiskurinn þrífst beint undir stærsta þekkta gatinu á ósonlaginu, sem ver jörðina fyrir útfjólubláum geislum sólarinnar. Gera þarf frekari rannsóknir til að staðfesta orsakir meinsins. **- bj**

Ný lög í Danmörku:

# Rafsígarettur leyfðar á opinberum stöðum

**DANMÖRK Danska þingið breytti reykingalögunum rétt fyrir þinghlé en samkvæmt þeim má reykja rafsígarettur á almannafæri eftir 15. ágúst næstkomandi.**

**Krabbameinssamtök, danska Lýðheilsustöðin og fleiri hafa gagnrýnt löggjöfina og halda því fram að almenningi sé jafn mikil hætta búin af óbeinum reykingum frá rafsígarettum sem öðrum.**

**Óvíst er hvort lögin munu í raun taka gildi þar sem komið hefur í ljós að danskir þingmenn vissu ekki af þessari gagnrýni samkvæmt vefnum dr.dk.**

**Rafsígarettur eru gerðar úr röri sem fyllt er af vökva með bragðefnum og nikótíni. Þær gefa frá sér reyk sem líkist venjulegum sígarettureyk. - ktg**

Engan sakaði þegar hvalaskoðunarbátur strandaði:

# Hvalaskoðarar fengu áfallahjálp eftir strand

**SLYS** „Báturinn var við Lundey að skoða fugla í blíðu veðri þegar hann strandaði," segir Þorsteinn Jóhannesson, framkvæmdastjóri hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursiglingar, sem gerir meðal annars út bátinn Hauk. Haukur strandaði með 37 farþega innanborðs við Lundey á Skjálfanda í gær.

Að sögn Þorsteins var aldrei nein hætta á ferð fyrir farþegana og báturinn skemmdist lítið sem ekkert. Annar bátur Norðursiglingar mætti snemma á staðinn ásamt björgunarsveit og hafist var handa við að ferja fólkið á milli báta. Haukur var síðan dreginn á flot á nýjan leik skömmu síðar.

Þegar í land var komið var farþegunum boðið upp á áfallahjálp í fjöldahjálparstöð Rauða krossins á Húsavík. Læknar ávörpuðu farþegahópinn, lýstu síðbúnum einkennum áfalla og hvöttu fólkið til að styðja við hvert annað ef því liði illa.

En hefur þetta hent áður? „Allavega ekki á meðan ég hef starfað hjá fyrirtækinu," segir Þorsteinn, en tekur þó fram að hann hafi ekki unnið þar í mörg ár. **- sh**



**HAUKUR** Báturinn sigldi of nálægt Lundey við fuglaskoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**FJÖLSKYLDUFERÐIR** Ódýrari ferðir hafa meðal annars stuðlað að því að fjölskyldur fara nú oftar til útlanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fjölskyldufólk streymir aftur í frí til útlanda

**Sprenging hefur orðið sumarfrísferðum fjölskyldufólks til útlanda, segir forstjóri Úrvals Útsýnar. Þetta var sá hópur sem sparaði við sig í ferðalögum eftir hrun. Markaðsaðstæður hafa verið ferðalöngum í vil.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fjölskyldur hafa nú byrjað að njóta sumarfrísins í útlöndum í meiri mæli en áður. Í júní ferðuðust rúmlega fimm prósent fleiri Íslendingar til útlanda en í sama mánuði í fyrra.

Þessu finna ferðaskrifstofurnar verulega fyrir og segja fjölskyldur nú byrjaðar að ferðast meira en áður.

„Við höfum upplifað talsverða eftirspurn og strax í fyrra fór markaðurinn að taka hressilega við sér," segir Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri Úrvals Útsýnar.

„Fjöldinn af fjölskyldufólki kom verulega til baka í fyrra. Það var líka sá hópur sem hrökk mest saman eftir hrun. Þetta hefur verið algjör sprenging," segir Þorsteinn.

Tómas Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða, hefur svipaða sögu að segja.

„Þeir sem hafa sparað við sig eftir kreppu eru aftur byrjaðir að hugsa sér til hreyfings. Fjölskyldufólk er byrjað að ferðast meira og sá hópur er farinn að vaxa aftur. Fararstjórarnir okkar úti finna vel fyrir því," segir Tómas.

Bæði Tómas og Þorsteinn segja markaðsaðstæður hafa haft mikil og jákvæð áhrif á ferðaplön Íslendinga. Mikil samkeppni sé á markaðnum, sérstaklega hjá lágfjaldaflugfélögunum. Fleiri hafi því séð sér fært að skreppa til útlanda en áður. **katrin@frettabladid.is**

> Þeir sem hafa sparað við sig eftir kreppu eru aftur byrjaðir að hugsa sér til hreyfings.
>
> **TÓMAS GESTSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HEIMSFERÐA.**

## Ferðir innanlands

„Við höfum fundið fyrir meiri aðsókn í ár og er vel bókað í bæði ferðir og skála" segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands.

Hann segir aðsóknina hafa sveiflast mikið síðan 2008. Strax eftir hrun hafi fleiri sótt bæði í ferðir og skála. Eldgosin í Grímsvötnum og Eyjafjallajökli hafi haft tímabundin neikvæð áhrif á aðsókn en í sumar hafi hún verið með besta móti.

Hann segist þó merkja að íslenskir ferðamenn haldi í meiri mæli út úr landinu.

„Við sjáum að Íslendingar eru farnir að sækja aftur til útlanda. En þeir sem eru komnir upp á lagið með að ferðast innanlands halda alltaf áfram."






Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Atlantsolía | Lónsbraut 2 | 220 Hafnarfjörður | Sími 591-3100

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

kemi

GÚMMÍVINNSLAN

föstudagur **Föstudagsviðtalið** **Haukur Hauksson, leiðsögumaður og fréttaritari í Moskvu**

# Stórveldatafl iðkað í Sýrlandi

Andstaða Rússa við að þrýsta á Assadstjórnina í Sýrlandi með refsiaðgerðum á sér djúpar sögulegar rætur og tengist hagsmunum gömlu stórveldanna. *Guðsteinn Bjarnason* ræddi við **Hauk Hauksson** stjórnmálafræðing sem búið hefur í Moskvu í tvo áratugi.



**HAUKUR HAUKSSON** Haukur hefur búið í rúma tvo áratugi í Moskvu og hefur fylgst grannt með rússneskum stjórnmálum. Hann stundaði þar nám í alþjóðastjórnmálum á fyrstu valdaárum Boris Jeltsín en starfar nú sem fararstjóri auk þess að vera fréttaritari íslenska ríkisútvarpsins í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þessar vikurnar logar allt í átökum milli stjórnarhersins og uppreisnarmanna í Sýrlandi, með mannréttindabrotum á báða bóga og sívaxandi straumi flóttamanna til nágrannalandanna.

Vesturlönd, með Bandaríkin í fararbroddi, hafa ítrekað reynt að fá öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til að samþykkja refsiaðgerðir á hendur Sýrlandsstjórn en Rússar og Kínverjar, sem fara með neitunarvald í ráðinu, hafa verið ófáanlegir til þess.

Haukur Hauksson stjórnmálafræðingur, sem búið hefur í Moskvu í meira en tvo áratugi, segir óbilandi stuðning Rússa við Bashar al Assad Sýrlandsforseta eiga sér sögulegar rætur og tengjast heimspólitísku valdatafli gamalla stórvelda.

### Ójafnvægi

„Það má segja að Rússar óttist það ójafnvægi sem er að verða á svæðinu, eins og sést með því bara að líta á landakortið, nú eftir að hverjum leiðtoganum af öðrum hefur verið steypt í arabalöndum Norður-Afríku. Írak er þegar undir vestrænum áhrifum og ef Sýrland fellur líka, þetta „síðasta vígi“ Rússa í þessum heimshluta, þá verður öll þessi blokk orðin vinveitt Vesturlöndum.

Sýrland er síðan að ákveðnu leyti stökkpallur inn í Íran og þá erum við komin alveg inn í „bakgarðinn“ hjá Rússum, ef svo má segja því þetta er náttúrulega bandarískt hugtak um rómönsku Ameríku. Löndin í Kákasus og Mið-Asíu voru undir yfirráðum Rússa í reynd alveg þangað til þau fengu sjálfstæði 1991. Þetta eru gömlu Sovétlýðveldin sem voru hluti rússneska keisaradæmisins, og þau eiga landamæri beint að Íran. Ef öll þessi lönd verða fráhverf Rússum þá er allt jafnvægið farið í þessum heimshluta.

Auk þess er málið með Sýrland að enginn veit hvað tekur við ef og þegar Assad fellur. Og þótt Assad hafi að mörgu leyti reynst vel þá er enginn að segja að hann sé neinn engill eða fyrirmyndarforseti. Það er náttúrulega einræðisstjórn í landinu, þeir hafa stjórnað með herlögum og steypt fólki í fangelsi, en hins vegar hefur almenningur haft það þokkalega gott í Sýrlandi, ekki síst miðað við mörg nágrannalönd.“

### Olíuhagsmunir

Inn í þessi átök öll spila svo ríkir olíuhagsmunir bæði Vesturlanda og Rússlands. Haukur segir Miðjarðarhafssvæðið allt vera einn mikilvægasta markaðinn fyrir olíu frá Rússlandi. Sýrland hafi orðið enn mikilvægara fyrir Rússa núna eftir að Bandaríkjamenn sömdu við Aserbaídsjan um að olía frá Bakú við Kaspíahaf yrði flutt fram hjá Rússlandi með nýrri leiðslu gegnum Aserbaídsjan beint til Miðjarðarhafsstrandar Tyrklands.

„Rússar eru sjálfir að leggja olíuleiðslu frá Rússlandi til hafna á Miðjarðarhafsströnd Sýrlands, en fyrir Rússa er mjög mikilvægt að koma olíu sinni á erlenda markaði,“ segir Haukur. Fari svo að sú olíuleiðsla verði aldrei tekin í notkun yrði það verulegt fjárhagslegt tjón fyrir Rússa.

„Allt er þetta gríðarlega mikilvægt því þetta svarta gull er lífæð kapítalismans, efnahagurinn gengur ekkert upp án olíu. Þannig að þetta er að mjög miklu leyti barátta um olíu og hagsmuni og auðlindir sem er þarna í gangi.“

### Sögulegar rætur

Ef Rússar eru fyrst og fremst að gæta hagsmuna sinna í Sýrlandi, þá taka þeir væntanlega mikla áhættu með því að styðja Assad og stjórn hans fram í rauðan dauðann. Ef hann er að falla þá taka einhverjir við væntanlega sem kunna þeim þá ekki miklar þakkir.

„Jú, það er rétt, en sögulega hafa Rússar verið mjög öflugir stuðningsmenn Sýrlands, og austurblokkin öll, allt frá því Hafez, pabbi Bashars, tók við árið 1971. Þarna voru hernaðarráðgjafar frá Austur-Þýskalandi, Tékkóslóvakíu og Sovétríkjunum og sýrlenski herinn var alltaf með sovésk vopn. Bandaríkin, Bretar og Frakkar hafa líka alltaf verið með nýlenduveldi þarna á þessu svæði, Bretar og Frakkar sérstaklega. Sýrland var lengi franskt landsvæði og Bretar náttúrulega voru með allan heiminn. Fyrir Rússa yrði það hrikalega erfitt og sársaukafullt að missa Sýrland.“

### Horft til Írans

Hvað Íran varðar þá minnir Haukur á að áhrifamenn í bandarískum stjórnmálum ekki síður en valdamiklir menn í Ísraelsstjórn hafa lengi talað um að ráðast þurfi á Íran til að eyðileggja kjarnorkuáætlun Írana.

„Það myndi eflaust enda með ósköpum fyrir allt mannkynið því Íranar myndu náttúrulega bregðast hart við. Þeir hafa mjög sterkan her og eru auk þess í góðum tengslum við bæði Rússa og Kínverja. En þeir eru að ræða um þetta í fullri alvöru opinberlega á fundum. Nú síðast forsetaframbjóðandinn Mitt Romney.

Ég held að menn verði líka að hafa alltaf í huga að þessi alþjóðapólitík gengur öll meira og minna út á baktjaldamakk og undirferli. Það eru leyniþjónustur og karlar að toga í spotta alls staðar. Það er ekkert sem gerist bara si svona.

Ísraelar hafa til dæmis mjög sterka menn á bak við tjöldin þarna. Og svo gleymist líka alltaf, þegar talað er um að Rússland og Kína bakki upp stjórn Assads, að Bandaríkin eru í miklu stærra hlutverki en nokkurn tímann Rússar í þessum heimshluta.“

### Innanríkismál

Fyrir utan þessa beinu hagsmuni, sem þú talar um, þá virðist afstaða bæði Rússa og Kínverja líka snúast um það prinsippmál, að ekkert ríki hafi afskipti af innanríkismálum annarra. Bandaríkjamenn hafa náttúrulega stundað slíkt grimmt í marga áratugi og Sovétríkin líka á sínum tíma. Rússar hins vegar passa þetta mjög vel núna, og Kínverjar líka. Ræðst afstaða þeirra samt ekki líka af því að innanlands hjá þeim sjálfum eru ýmis mál í gangi sem þeir vilja ekki að önnur ríki fari að skipta sér af?

„Ja, planið er náttúrulega að þarna komi friðargæslusveitir og landinu verði skipt í áhrifasvæði,“ svarar Haukur. „Þá fengju Bandaríkin stórt svæði, og Bretland og Frakkland, en það sem Rússar kannski óttast er að þeir yrðu settir til hliðar í slíkum aðgerðum. Öll snúast þessi stríð um auðlindir, uppsprettur og leiðslur. En þetta var reynt að ákveðnu leyti með Rússland þegar allt var að fara í hund og kött á síðustu árum Jeltsíns, þegar Tsjetsjeníustríðið var í hámarki. Þá voru komnar áætlanir um það á Vesturlöndum hvernig ætti að skipta Rússlandi upp. Þeir sendu þarna friðargæslusveitir og voru á fullu í þessum póker og spiluðu óspart út múslimakortinu gegn stjórnvöldum í Kreml. Þeir styrktu leynt og ljóst til dæmis Al Kaída. Tvískinnungur Vesturlanda í þessu er vel þekktur og ég held að Rússar séu svolítið hræddir við að verða út úr því korti ef eða þegar til kemur.“

## Pútín talinn skárri en ekkert

„Margir segja að hann sé kannski skárri en ekkert,“ segir Haukur um afstöðu almennings í Rússlandi til Vladimírs Pútíns forseta. „Málið er að hægri vængurinn er svo sundraður í Rússlandi. Hægri menn voru við völd í tíu ár eða svo á Jeltsín-tímanum og þá fengu þeir alla möguleika til að sanna sig, þessir ungu menn sem þá voru. Þeir höfðu mikinn stuðning frá Vesturlöndunum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. En um leið var spillingin gríðarleg og mikið af fjármagni sem fór úr landi vestur yfir. Mafían var hluti af þessu líka og bankarnir allir. Það voru eitthvað um fimm þúsund einkabankar til í Rússlandi þá.

Núna hins vegar eiga þessir menn engan kandídat sem hefði roð við Pútín. Viðhorfið til hans, sem nú er algengt, er að hann sé ekki slæmur leiðtogi, hann hafi gert góða hluti á sínum tíma, en við vildum samt gjarnan fá einhvern annan. Einhvern hægri mann til dæmis. En það er bara enginn á sjóndeildar-



**VLADIMIR PUTIN**

hringnum sem hefur eitthvað í hann að segja.

Staða hans er mjög sterk og hann er mjög klókur leiðtogi. Hann fær tvo þriðju atkvæða í kosningum og meira að segja níutíu prósent í Tsjetsjeníu, og það þurfti ekkert að falsa þau úrslit, enda hefði það verið mjög erfitt. Þetta er svo stórt land og margir sem hafa fylgst með framkvæmd kosninganna. Þótt það hafi verið einhver dæmi um svindl, þá er það bara þannig að raunfylgi Pútíns er mjög sterkt.“

Jeltsín-tíminn varð Rússum erfiður, jafnvel erfiðari fyrir marga en Sovét-tíminn.

„Rússland var í rauninni á barmi borgarastyrjaldar, sem hefði getað verið hægt að kynda undir og viðhalda lengi. En þá kemur Pútín og tekur á málunum. Hann er að miklu leyti hvalreki fyrir land og þjóð og það er vel skiljanlegt í dag að þeir sem er illa við Rússland og Rússa hati Pútín.“

Haukur segir það vissulega rétt að bæði stjórnarfar og réttarkerfið í Rússlandi sé spillt og þar sé harðar tekið á óþægilegum röddum en eðlilegt geti talis.

„Jú, ef til dæmis einhver tekur upp á því að birta upplýsingar um spillingu eða óþægilegar upplýsingar um einkalíf til dæmis Pútíns birtast í blaði, þá er skatturinn sendur af stað eða brunaeftirlitið eða eitthvað og blaðinu lokað. Þeir finna alltaf einhverjar leiðir til að loka.“

Oft er líka hart tekið á mótmælendum en Haukur segir að einatt sé það hálfgerður skrípaleikur, því í sjálfu sér eiga menn auðvelt með að mótmæla í Rússlandi og koma skoðunum sínum á framfæri.

„Pútín hefur mikið fylgi meðal karlmanna, hermanna, fólks úti á landi og almennt þeirra sem hafa minni menntun og minni tekjur, en svo eru hinir sem hafa meiri menntun og meiri tekjur, þessi 101-klíka Rússlands, listamenn, konur og menntamenn. Það er þetta fólk sem er að mótmæla, fólkið sem hefur peninga til þess og hefur hátt. Og það er alltaf verið að mótmæla, fólk sækir um leyfi og það er oftast veitt, en ef menn hafa ekki leyfi þá mega menn ekki koma saman niðri í bæ. Þótt það séu bara fimm manns með einn fána, þá er lögreglan strax komin og fólki er stungið inn, en segist svo bara hafa verið að hitta vini sína og fagna einhverju, og þá er það laust mála. Þetta er óttalegur sirkus.“

Umferðarstofa minnir á bílbeltin og varar við akstri undir áhrifum við upphaf verslunarmannahelgar:

# Ölvaðir bílstjórar gerst sekir um manndráp

**SAMGÖNGUR** Ökumenn sem aka undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa og verða valdir að dauða annars hafa verið ákærðir fyrir manndráp, og fangelsisdómar hafa fallið vegna slíkra mála. Umferðarstofa hvetur aðstandendur ökumanna sem ætla af stað ölvaðir til að grípa í taumana.

Í samantekt Umferðarstofu kemur fram að ölvaðir ökumenn valda fimmta hverju banaslysi í umferðinni hér á landi. Þó áfengis-áhrifin séu oft ekki mikil geti afleiðingarnar verið hræðilegar.

Þá er bent á að allt tjón sem ölvaðir ökumenn valda getur lent á þeim sjálfum, enda eiga tryggingafélögin endurkröfurétt á ökumenn sem aka undir áhrifum vímugjafa.

Umferðarstofa minnir einnig á bílbeltanotkun. Lítill hluti ökumanna og farþega notar enn í dag ekki öryggisbelti. Ekki aðeins eru þeir sjálfir í meiri hættu lendi þeir í árekstri heldur geta þeir valdið öðrum mikilli hættu þegar þeir kastast til í bílnum.

Samkvæmt útreikningum Umferðarstofu getur 75 kílóa einstaklingur sem kastast til í bíl sem lendir í árekstri á 90 kílómetra hraða lent á samferðamanni sínum með um 10 tonna höggþunga. Það er sambærilegt við að lenda undir tveimur fullvöxnum Afríkufílum, segir í tilkynningu Umferðarstofu.

Þar er einnig áréttað að bílar með tengivagna mega ekki aka hraðar en á 80 kílómetra hraða á klukkustund, og brýnt fyrir ökumönnum að haga akstri þannig að sem auðveldast sé að taka fram úr þeim.

**- bj**



**FÍLL Í BÍL** Farþegi eða ökumaður sem er ekki í bílbelti getur lent á öðrum í bílnum með höggþunga tveggja Afríkufíla í árekstri á miklum hraða. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**PRINS MINNKAR VIÐ SIG** Albert Mónakóprins efnir til bílasölu til að losa sig við 38 fornbíla og glæsivagna sem hann hefur ekki lengur not fyrir. NORDICPHOTOS/AFP



**KOFI ANNAN** Hefur ekki haft erindi sem erfiði. NORDICPHOTOS/AFP

Kofi Annan hættur:

## Segist engan stuðning hafa

**SVISS, AP** Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, ætlar að hætta um næstu mánaðamót sem friðarfulltrúi SÞ gagnvart Sýrlandi.

Hann segist engan stuðning hafa fengið í starfi sínu frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, sem þó fékk hann til þess að taka að sér verkið.

Sameinuðu þjóðirnar eiga nú í viðræðum við Arababandalagið um hugsanlegan arftaka Annans.

**- gb**



**LÖGREGLUMENN** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði 600 ökumenn sem voru undir áhrifum fíkniefna á árinu 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögregla höfuðborgarsvæðis:

## 600 undir áhrifum eiturlyfja

**LÖGREGLUMÁL** Ríflega 800 ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári. Þetta er meðal þess sem fram kemur í ársskýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2011.

Fjöldi ölvaðra ökumanna var svipaður og síðustu tvö ár. Árin 2007 og 2008 voru hins vegar á annað þúsund ölvaðir ökumenn stöðvaðir.

Þá stöðvaði lögreglan um 600 ökumenn á árinu sem voru undir áhrifum fíkniefna. Voru þeir fimmtungi fleiri en árið á undan.

Loks voru 700 réttindalausir ökumenn stöðvaðir við akstur á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári.

**- mpl**

**SLYS**

### Brotnaði í mótorkrossi

Piltur slasaðist á mótorkrossbrautinni á Selfossi í gær. Maðurinn var við æfingar fyrir landsmót unglinga sem fram fer um helgina er hann féll af hjólinu og viðbeinsbrotnaði.



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Affarasælla að setja afl í að komast fyrir glæpinn en að girða aðgengið að honum:

## Ráðist að meinsemdinni sjálfri

Norðmenn hafa búið til vefsíu sem hindrar notkun á barnaklámi og stöðvar mörg þúsund heimsóknir á barnaklámssíður þar dag hvern. Í síuna eru skráðar um þúsund vefsíður sem hafa verið skilgreindar ólöglegar. Hún er sett upp hjá netþjónustum og nær þá til allra sem eru í viðskiptum við þau fyrirtæki sem nota síuna. Virknin er þannig að ef notandi reynir að fara inn á skráða síðu þá fær hann skilaboð um að hún innihaldi ólöglegt efni.

Danmörk, Svíþjóð og Finnland eru aðilar að síunni en íslensk lög koma í veg fyrir að Ísland geti tekið hana í notkun. Lagabreytingar væri þörf til að hægt væri að taka kerfið upp og hefur íslenska lögreglan áhuga á að Ísland verði aðili að samstarfinu.

SKOÐUN



Steinnunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Vitaskuld á að beita öllum tiltækum verkfærum sem notast geta til að uppræta það að níðst sé á börnum. Í fljótu bragði virðist sía sem þessi vera slíkt verkfæri en þegar að er gáð kann að vera að notkun svona síu leiði athyglina um of frá hinu raunverulega vandamáli sem er misnotkun á börnum. Auk þess eru hömlur á netnotkun viðkvæmt mál.

Vefsíur sem eiga að hamla umferð inn á vefsíður með ólöglegu efni geta veitt falska öryggiskennd segir Þröstur Jónsson hjá Félagi um stafrænt frelsi á Íslandi í frétt blaðsins í gær en að mati Þrastar geta þeir sem vilja komist fram hjá þessum síum. Mat samtakanna er einnig að notkun síunnar bjóði heim hættu á ritskoðun á netnotkun.

Vitað er að um víða veröld eru netsíur notaðar til þess að hamla aðgengi almennra borgara að upplýsingum. Með notkun slíkra sía verður því að fara með gát, jafnvel þótt tilgangurinn sé sá að koma í veg fyrir að sjúkt fólk nálgist viðurstyggilegt efni á netinu. Athuga verður að sía sem þessi er eðlisólík netsíum sem til dæmis foreldrar velja að setja upp á tölvum eins heimilis.

Líklega er það rétt hjá Þresti að ef menn eru á annað borð á höttunum eftir efni eins og barnaklámi þá láti þeir ekki vefsíur stöðva sig svo glatt. Hin raunverulega meinsemd liggur jú þar sem efnið er framleitt, hjá þeim sem misnota börn í þeim tilgangi að hagnast á þeim sjúkleika sem sókn í barnaklám er. Margt bendir til að vefsía eins og sú sem hér um ræðir breyti litlu eða jafnvel engu um þá viðurstyggilegu starfsemi.

Fyrst upplýsingar eru fyrir hendi um allan þennan fjölda af netsíðum sem innihalda ólöglegt efni er ekki annað hægt en að spyrja sig að því hvers vegna þær eru ekki notaðar til þess að uppræta starfsemina, leita uppi gerendurna og láta þá taka ábyrgð. Sem betur fer virðist sem lögreglu á alþjóðavísu gangi það stöðugt betur. Um það vitna rassíur sem gerðar hafa verið í mörgum löndum sem upprætt hafa starfsemi barnaklámhringa.

Þegar upp er staðið skiptir auðvitað höfuðmáli að beita öllum hugsanlegum ráðum til þess að uppræta misnotkun á börnum og koma í veg fyrir að barnaklám verði yfir höfuð til. Það verkefni er svo miklu mikilvægara en hitt að koma í veg fyrir að sjúkt fólk komist yfir barnaklám á netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Farangursbox**



30% afsláttur

Vandað farangursbox
til að setja á þakið - 450 l.

**Verð aðeins: 45.430 kr.**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Vagnhöfði 23
Sími: 590 2000
www.benni.is

**Opnunartími:**
Opið virka daga
frá kl. 8:00 til18:00

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Misfella í krumpugalla

Hávær umræða hefur átt sér stað um þá staðreynd að á boðsbréfi vegna innsetningarathafnar forseta Íslands stóð „kjólföt og heiðursmerki“. Slík fordild hefur farið fyrir brjóstið á mörgum sem þykir þetta dæmi um úrelta yfirstéttarhugsun. Nú bar svo við að fjöldi gesta lét þessi tilmæli sem vind um eyru þjóta og mætti í fötum að eigin vali. Það virtist ekki plaga nokkurn að ófáir skrýddust venjulegum jakkafötum og létu kjól og hvítt eiga sig. Fjölmargir þingmenn hafa þó úttalað sig um þessa miklu kvöð sem orð á blaði settu á herðar þeirra. Umræðan hefur því verið eins og stormur í vatnsglasi, eða misfella í krumpugalla.

### Saknaði Þórs Saari

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, virðist annars hafa orðið fyrir vonbrigðum með athöfnina, ef marka má þessi orð hans: „Við vorum mætt fyrst, af því við skrópuðum í kirkjunni, og söknuðum mjög Þórs Saaris sem hefði sannarlega verið tignarlegt að sjá í kjólfötum.“





### Afsakið, en samt og þó

Stefán Ólafsson prófessor er upptekinn maður þessa dagana og á bæði í ritdeilu við Hannes Hólmstein Gissurarson og Benedikt Jóhannesson. Sá síðastnefndi sendi Stefáni afsökunarbeiðni í gær. Hann segist reyndar ekkert vita hvað þurfi að afsaka, en sér sé þó ljúft að biðjast afsökunar, þó hann reyndar viti ekki á hverju það sé, en samt, setur fram opna afsökunarbeiðni, þó að hann hafi reyndar hvergi hallað réttu máli. Einlægni er dyggð.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Kjósum fulltrúa innflytjenda!

Innflytjendur



Toshiki Toma
prestur innflytjenda

Í tilefni af fyrsta Fjölmenningarþingi árið 2010 voru kosningar til Fjölmenningarráðs haldnar af Reykjavíkurborg. Tilgangur ráðsins var að brúa bilið á milli innflytjenda og stjórnsýslu borgarinnar. Sjö einstaklingar voru kosnir sem „raddir“ innflytjenda í borginni.

Það voru aðeins tvö skilyrði til að taka þátt í kosningunum. Annað var að viðkomandi væri innflytjandi af fyrstu kynslóð og hitt var að viðkomandi ætti lögheimili í borginni.

Niðurstaða kosninganna kom á óvart því enginn frá ESB-löndum fékk sæti og ekki heldur Pólverjar sem voru fleiri en 3.000 íbúar borgarinnar. Þessi tilraun var án fordæmis og því var bent á nokkur atriði eftir kosningarnar. T.d. voru kosningarnar ekki vel auglýstar fyrir innflytjendum og skoðanir frambjóðenda voru ekki nægilega vel kynntar.

Reykjavíkurborg ætlar að halda kosningar til Fjölmenningarráðs í október nk. í annað skipti og Mannréttindaskrifstofa borgarinnar endurskoðar nú framkvæmd kosninganna. Því er það tímabært að við innflytjendur veitum skrifstofunni hugmyndir okkar til aðstoðar.

Mér finnst mikilvægt að fjölbreytileiki innflytjenda endurspeglist í Fjölmenningarráði. Við innflytjendur erum ekki einsleitur hópur og erum með mismunandi bakgrunn þjóðernislega, menningarlega, trúarlega o.s.frv. Þá sitjum við ekki öll við sama borð hvað varðar lagaleg réttindi. Sérstaklega skiptir það máli varðandi ýmis réttindi hérlendis hvort innflytjandi sé frá ESB/EES-svæðinu eða ekki. Þess vegna tel ég það vera eðlilegt að taka þetta atriði fram þegar við ræðum um fjölbreytileika í Fjölmenningarráði.

Tillaga mín er að nota „kvótakerfi“ í kosningunum. Segjum að það séu sjö sæti í ráðinu. Hámark fyrir báða hópa eru fjórir. Þegar atkvæði eru talin, ef ESB innflytjendur fá fjögur sæti fyrst, fara þau sæti sem eftir eru til utan-ESB innflytjenda. Að sjálfsögðu getur öfug staða komið upp.

Ég held enn fremur að sama kerfi skuli gilda um kynjajafnvægi. Sem sagt, hvort kyn getur ekki haft fleiri en fjögur sæti. Þetta er mjög einfalt kerfi, en samt mun það tryggja jafnvægi a.m.k. milli ESB-innflytjenda og utan þess, jafnt á milli karla og kvenna.

Það munu vera fleiri atriði sem þarf að ræða. Það er einlæg ósk mín að sem flestir innflytjendur hafi virkan áhuga á kosningunum og gefi borginni hugmyndir sínar til að gera þær árangursríkar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# „Er þetta ekki örugglega nóg?“

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Ein af fjölmörgum dellum íslenskrar áfengisstefnu byggði á þeirri kenningu að ef menn væru neyddir til að kaupa meira áfengi í einu þá myndu þeir drekka minna af því. Þannig máttu Íslendingar lengi minnst kaupa sex bjóra í einni búðarferð. Líklegast byggðist þetta á þeirri hugsun að ef menn hækka upphafshæðina í hástökki þá muni færri reyna að stökkva yfir. Sem sagt: Það væri dýrara að kaupa heila kippu en einn bjór og stykkjasölubannið hindraði því dagdrykkju.

Myndi bann á litlum ísum minnka ísneyslu? Myndi bann á litlum gosflöskum minnka gosneyslu? Væntanlega ekki. Það myndu þá bara allir kaupa stórar gosflöskur og stóra ísa. Í tilfelli bjórsins er staðan svipuð: Ef menn verða að kaupa sex bjóra þótt þá langi bara í einn þá kaupa menn sér bara sex og drekka einn. Síðan drekka menn hina fimm auðvitað skömmu síðar.

Nýlega dvaldi ég Póllandi í nokkra mánuði og fékk þó nokkra íslenska vini í heimsókn. Stutt athugun: Íslendingur sem beðinn er um að „kaupa nokkra bjóra“ kaupir að meðaltali tvöfalt til þrefalt meira áfengi en Pólverji sem fær sömu fyrirmæli. Þetta er auðvitað ekki skrýtið. Kippureglurnar gömlu hafa grafið það í hausinn á fólki að sex bjórar séu einhver lágmarksdrykkjueining sem boðlegt sé að innbyrða. Með því að hafa útsölustaði ÁTVR fáa og loka þeim þegar vöru sem þeir selja er mest þörf hafa menn búið til menningu þar sem fólk er hvatt til að „birgja sig upp“ af áfengi. Eins skynsamlegt og það nú er.

Í fimmtán mínútna gönguradíus í miðbæjum flestra evrópskra borga má finna svipað margar búðir með bjór og á Íslandi öllu. Við þannig aðstæður er það frekar heimskulegt að geyma bjórinn í marga daga í eigin ísskáp en ekki ísskáp kaupmannsins. Menn kaupa sér þannig fyrst tvo, fara svo aftur út í búð eftir tveimur í viðbót, og svo ef menn langar í meira þá er klukkan oft orðin margt og lengra að fara í næstu opnu verslun.

Því skal ekki haldið fram að á meginlandi Evrópu reki allar þjóðir óaðfinnanlega áfengisstefnu. Því fer fjarri. En við þurfum að velta því fyrir okkur hvort sú norræna hugmyndafræði að neyða menn til magninnkaupa hvetji þá ekki til magnneyslu. Fólk fer í Ríkið á föstudeginum til að eiga fyrir helgina. En svo þarf að taka aukatúr á laugardeginum, því föstudagsmyndin reyndist skemmtilegri en vonir stóðu til. Og þá kaupa menn „nóg“.

**Musteri magninnkaupa**

Eins fjárhagslega óskynsamlegt og það kann að hljóma finnst mér ekkert jafnfrelsandi og að ganga í gegnum komusal Leifsstöðvar án þess stoppa í „komufríhöfninni“ svokölluðu. Hræsnin sem felst í því að sama ríkið og skattleggur áfengið upp í hið óendanlega selur okkur það á ögn lægra verði vegna þess að við vorum í flugvél er nánast óbærileg. Og menn eiga að gleðjast yfir þessu eins og börn sem fá ís á laugardegi.

Það eru háir skatta fyrir innan tollhliðið og áfengisbúð rétt fyrir utan. Niðurstaðan er sú sama og áður: fólk er hvatt til að hamstra bjór, lýðheilsusjónarmiðum til dýrðar.

> Myndi bann á litlum ísum minnka ísneyslu? Myndi bann á litlum gosflöskum minnka gosneyslu?

**Hverjir eru öfgamennirnir?**

Ísland er í sérflokki meðal vestrænna ríkja þegar kemur að algerri ríkiseinokun á smásölu áfengis og ofurskattlagningu þess. Sterkt lobbý vill ganga enn lengra. Samt er alltaf reynt að láta eins og þeir sem vilja að hér gildi svipuð lög og í langflestum samanburðarlöndum séu sérstakir „öfgamenn“ sem vilji „leyfa allt“. Það er eiginlega svolítið fyndið.

Sé litið nokkra áratugi aftur í tímann er staðan í áfengismálum nefnilega síst verri þrátt fyrir frjálslyndari löggjöf. Neysla unglinga hefur minnkað. Ölvunarakstur hefur minnkað. Engu að síður hefur áfengisútsölustöðum fjölgað, þeir eru opnir lengur, það má selja bjór, það má selja bjórdósir í stykkjatali, það má kaupa áfengi með kreditkorti, skemmtistaðir eru opnir lengur og auglýsingar tíðkast víða. Það skyldi þó ekki vera að hömlur og bönn séu ekki alltaf eina leiðin til að ná árangri þegar kemur að því að lágmarka skaðann af áfengisneyslu fullorðins fólks.

# Stefnumót við Reykjavík

Samgöngur



Guðmundur Pálsson
vélsmiður

Alveg er það makalaust hvernig Íslendingar leggjast gegn framförum með heimóttarhætti sínum. Flestar þjóðir sem við berum okkur saman við eru leiðandi í lýðheilsu og baráttunni fyrir betra lífi, Ísland er skrefinu á eftir. Fyrir margt löngu voru transfitur bannaðar í Nýju-Jórvík og Danir hafa lengi verið lausir við herta fitu. Sama var upp á teningnum með reykingabann, sykurskatt og fleiri þjóðþrifamál. Nú hefur íslenskur stjórnmálamaður barist ötullega fyrir aukinni hreyfingu hérlendis með auknum hjólreiðum. Þessi maður er Gísli Marteinn Baldursson og þó ég sé ósammála honum í pólitík er ég sammála honum með tveggja hjóla tundurskeytið. Að hjóla um borgina sína er besta leiðin til að kynnast mannlífinu og mætti helst líkja við að vera á fyrsta stefnumóti með föngulegri dömu, maður verður eins og bólugrafinn unglingur.

Hjólið er mitt aðal samgöngutæki og hefur verið í fjölda ára. Þessi daglega hreyfing hefur haldið líkama mínum eins og stinnu epli eftir öll þessi ár og er það minn draumur að allir Íslendingar geti sagt það sama. Það er þó ekki auðvelt að hjóla í Reykjavík þessa dagana með bílahjörð á hverju horni sem stefnir lífi mínu í hættu. Það eru ófá skiptin sem mig hefur langað að kviksetja bílstjóra borgarinnar en það er ekki lausnin við vandanum. Ef allir væru á hjóli þá væri ég laus við þessa gremju og við laus við mengun og offitu. Ég veit ekki hver hæfileg refsing er fyrir þá sem hjóla ekki nóg en fangelsisvist kemur upp í hugann. Það þyrfti helzt að loka alfarið fyrir bílaumferð um borgina og taka upp öflugt sektarkerfi á þá sem stelast til að setjast undir stýri og aka yfir hjólamenninguna.

> Ég vona að Gísli Marteinn haldi áfram að liðsinna mér í baráttunni fyrir auknum hjólreiðum.

Börn verða feitari og feitari með hverju ári sem líður, eldsneytisverð hækkar og ósonlagið (og hárið á mér) þynnist. Sífellt stærri hluti borgarlandsins er lagður undir þessar holdsveiku umferðaræðar með ærandi hljóðmengun, sjónmengun og svimandi háum viðhaldskostnaði. Öll rök hníga að því að majónesrassar landsins fái að bráðna á mjúkri sílíkonsetu sem þeysist um allan bæ. Ég vona að Gísli Marteinn haldi áfram að liðsinna mér í baráttunni fyrir auknum hjólreiðum. Hann er eins og Simon og ég er eins og Garfunkel og saman munum við mynda mergjaða blöndu raka, réttlætis og öflugra almenningssamgangna. Kæru Íslendingar, ég vona að þið sjáið það eins og ég og Gísli, hjólreiðar eru framtíðin.




**Landsmót skáta 2012**
*þakkar ofantöldum aðilum fyrir aðstoð og stuðning við mótið og gestum fyrir komuna.*

Skátarnir
-ávallt viðbúnir

**TILBOÐIN GILDA 2. - 5. ÁGÚST**

**LOKAÐ Í NETTÓ Á MÁNUDAG**

**OPIÐ Í NETTÓ SELFOSSI FRÁ 10-20**




~~ÁÐUR 2.198 KR/KG~~

**1.297kr/kg**




~~ÁÐUR 2.398 KR/KG~~

**1.894kr/kg**

**nettó**

Kræsingar & kostakjör




~~ÁÐUR 3.109 KR/KG~~

**2.487kr/kg**




~~ÁÐUR 179 KR/STK~~

**129kr/stk**




~~ÁÐUR 225 KR/STK~~

**169kr/stk**




~~ÁÐUR 119 KR/STK~~

**69kr/stk**

## GRÍSARIFJUR SMOKEY PAPRIKA




~~ÁÐUR 1.298 KR/KG~~

# 999kr/kg

## ÍTALSKIR LAMBA SKANKAR ELDAÐIR



~~ÁÐUR 1.989 KR/KG~~

# 1.591kr/kg



## MELÓNA CANTALOUP



-50%

~~ÁÐUR 298 KR/KG~~

# 149kr/kg

## PECANHNETUSTYKKI BAKAÐ Á STAÐNUM*



-50%

*Gildir ekki um Nettó Salaveigi

~~ÁÐUR 198 KR/STK~~

# 99kr/stk

## PEPSI PEPSI MAX 33 CL




-30%

~~ÁÐUR 99 KR/STK~~

# 69kr/stk

## SNAKK 2 TEG. 300G




~~ÁÐUR 379 KR/PK~~

# 299kr/pk

## DÓSAHJÁLMUR KIPPA AF GOSI FYLGIR FRÍTT MEÐ

SPRITE
COCA COLA
COKE LITE
FANTA ORANGE
FANTA FRUIT TW.




# 1.598kr

**LOKAÐ Í NETTÓ Á MÁNUDAG**

**OPIÐ Í NETTÓ SELFOSSI FRÁ 10-20**

nettó

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**40 GRÍNISTINN LENNY BRUCE** var fertugur þegar hann lést á þessum degi 1966.

*„Satíra er harmleikur að viðbættum tíma: að ákveðnum tíma liðnum kemst maður upp með að draga dár að harmleiknum. Sem er frekar fáránlegt ef maður hugsar út í það.“*

## Afmæli



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON,** læknir og fyrrverandi borgarstjóri, er 60 ára í dag.



**JÓHANNA JÓNAS** leikkona er 48 ára í dag.



**EYJÓLFUR SVERRISSON,** fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta og þjálfari, er 44 ára.



**TÓMAS LEMARQUIS** leikari er 35 ára.

## Merkisatburðir

1055 Ólafur heitinn Haraldsson Noregskonungur tekinn í helgra manna tölu.

1057 Stefán IX kjörinn páfi. Hann lést innan við ári síðar.



1783 Eldfjallið Asama í Japan gýs og verður 35 þúsund manns að bana.

1905 Bændur mótmæla lagningu ritsíma til Íslands með því að fjölmenna til Reykjavíkur. Þess í stað vilja þeir fá loftskeytasamband.

1914 Þýskaland lýsir yfir stríði á hendur Frökkum.

1924 Ensk-pólski rithöfundurinn Josheph Conrad andast. Condrad var höfundur bóka á borð við Nostromo og Heart of Darkness en stórvirkið Apocalypse Now var byggð á þeirri síðarnefndu.

1934 Adolf Hitler kemst til æðstu metorða þegar hann sameinar embætti forseta og kanslara Þýskalands í eitt embætti - Führer.

1936 **Jesse Owens** sigrar í hundrað metra spretthlauti á Ólympíuleikunum í Berlín.

1958 Kjarnorkukafbáturinn USS Nautilus siglir fyrstur allra undir íshellu Norðurskautsins.

1960 Níger öðlast sjálfstæði frá Frökkum.

1969 Um tuttugu þúsund manns eru á Sumarhátíðinni í Húsafellsskógi – um tíundi hver Íslendingur. Þetta er talin vera fjölmennasta útihátíðin sem haldin hefur verið um verslunarmannahelgina.

1975 Karl Bretaprins kemur til Íslands og rennir fyrir lax í Hofsá í Vopnafirði í fimm daga. Hann kemur aftur að ári.

1980 Hátíð haldin á Hrafnseyri í Arnarfirði til að minnast þess að ein öld er liðin frá andláti Jóns Sigurðssonar.

1984 Ringo Starr, trommuleikari Bítlanna, kemur til Íslands. Hann er heiðursgestur á útihátíð í Atlavík í Hallormsstaðarskógi. Hann lætur vel af dvölinni.


†



Faðir okkar, tengdafaðir og afi, bróðir, mágur og systursonur

**EYVINDUR EBBI DANÍELSSON**

**(EBERHARD DANNHEIM)**

varð bráðkvaddur á heimili sínu í Noregi.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Aud Irja Grande**
**Júlía Katrín Björke** **Helgi Arnar Alfreðsson**
**Halldór Björke Helgason**
**Margrét Dannheim**
**Úrsúla Fahning**
**Bjarni Birgir Dannheim** **Regina Smorra**
**Ingibjörg Vik-Dannheim** **Torstein Vik**
**Björg Bjarnadóttir** **Álfþór B. Jóhannsson**



†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVEINÍNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**

**Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,**

lést fimmtudaginn 26. júlí. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 4. ágúst kl. 14.00.

**Sverrir Haraldur Björnsson** **Ingibjörg Óladóttir**
**Anna Björnsdóttir** **Guðmundur Garðarsson**
**Sævar Rafn Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**ÓLYMPÍULEIKARNIR UNDIRBÚNIR** Helga Maureen og félagar á Árbæjarsafni voru í óða önn að undirbúa leikana í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁRBÆJARSAFN: BÝÐUR UPP Á ÓLYMPÍUÞRAUTIR UM HELGINA

# Engin gullverðlaun í boði en kannski smávegis súkkulaði

Ólympíuandinn svífur yfir vötnum á Árbæjarsafni um helgina en safnið heldur þá Ólympíuleika með sínu nefi, þar sem keppt verður í pokahlaupi, skutlukasti, rófuleik og reiptogi. Helga Maureen Gylfadóttir, safnvörður á Árbæjarsafni, var í óða önn að undirbúa leikana þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Hún segir hefð fyrir því að bjóða upp á leiki á Árbæjarsafni um verslunarmannahelgina.

„Í ljósi þess að nú standa Ólympíuleikar sem hæst fannst okkur kjörið að búa til okkar eigin útgáfu af þeim, með aðstoð Ólympíusambandsins en þrautirnar sem keppt verður í eru allar teknar af vef á vegum sambandsins, olympiuleikar.com.“

Þá gefst gestum færi á að spreyta sig á þrístökki Vilhjálms Einarssonar sem hann hlaut silfurverðlaun fyrir á Ólympíuleikunum í Melbourne 1956, auk þess sem öðrum Ólympíuförum verða gerð skil.



**HELGA MAUREEN**

„Við höfum strengt taug á milli tveggja húsa í þeirri hæð sem Vala Flosadóttir stökk yfir þegar hún fékk silfrið í stangarstökki í Sidney 2000. Maður gerir sér ekki almennilega grein fyrir hvað þetta er hátt þegar maður sér þetta í sjónvarpinu en þegar maður setur þetta í samhengi við húsin sér maður að þetta er talsverð hæð.“ Engar stangir verða þó á svæðinu fyrir ævintýragjarna gesti sem kynnu að vilja spreyta sig á stökkinu. Hins vegar verður á svæðinu handboltamark. „Gestir geta því brugðið sér í gervi Guðjóns Vals Sigurðssonar, Björgvins Páls Gústafssonar eða annarra landsliðskappa. Einnig verður boðið upp á fræðslu um júdó-íþróttina og hægt að grípa í badmintonspaða.“

Ólympíuleikar Árbæjarsafns hefjast klukkan 13 á sunnudag og mánudag. Þrátt fyrir að þetta sé mesta ferðahelgi ársins segir Helga Maureen aðsókn á safnið yfirleitt vera góða um verslunarmannahelgina. „Sérstaklega á mánudeginum, þá er yfirleitt mikið að gera.“

Fyrir utan Ólympíuleikana er fjölbreytt úrval af útileikföngum sem krökkum býðst að nota að vild, svo sem húla-hringir, snú-snú bönd, kubbar og stultur og; á gamaldags róluvelli verður hægt að leika í rólunum, vegasaltinu eða í sandkassanum og á sýningunni “Komdu að leika er mikill fjöldi leikfanga frá ýmsum tímum sem krökkunum er frjálst að leika sér með.

Helga Maureen hvetur sem flesta til að leggja leið sína á safnið um helgina og fyllast anda Ólympíuleikanna.

„Það eru að vísu engin gullverðlaun í boði, en kannski smá súkkulaði.“

bergsteinn@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 3. ÁGÚST 1492**

## Kólumbus ýtir úr vör á Spáni

Kólumbus hélt af stað frá Palos á Suður-Spáni á þessum degi með það að markmiði að finna vesturleiðina til Indlands en í för með honum voru þrjú lítil skip, Niña, Pinta og Santa María. Kólumbus fæddist árið 1451 í Genúa á Ítalíu og árið 1479 giftist hann Felipu Perestrello á Spáni og eignaðist með henni einn son. Árið 1484 fór Kólumbus á stúfana til þess að finna fjármagn fyrir Atlantshafssiglingar sínar en varð lítið ágengt. Konungshjónin á Spáni, Isabella og Ferdinand, fjármögnuðu fyrstu Atlantshafssiglingu Kólumbusar eftir að hafa neitað honum tvisvar. Kólumbus var fullur sjálfstrausts enda hafði hann nýlega verið skipaður aðmíráll. Skipin þrjú héldu af stað frá Spáni og í stað þess að sigla vestur fyrir Azor-eyjar var siglt suður fyrir Kanaríeyjar þar sem flotinn dvaldi í mánuð. Eftir að hafa siglt um höfin í rúman mánuð kom hann loks að landi, að talið er í San Salvador. Þaðan var siglt til Kúbu og síðan til Haítí þar sem dvalið var fram í janúar og eftir erfiða heimferð kom flotinn til Spánar um miðjan mars. Kólumbus fór fjórum sinnum yfir Atlantshafið á árunum 1492 til 1504 og opnaði leið Evrópumanna að landafundum, nýlendustofnun og arðráni Ameríku. Hann hefur lengi verið talinn sá sem uppgötvaði Ameríku en margir halda því þó fram að Leifur heppni hafi orðið fyrri til þegar að hann fór til Vínlands fimm öldum áður.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## NESTI Í ÚTILEGUNA

**Það er upplagt að henda í nokkrar brauðboll-ur, möffins og sitthvað annað smálegt til að hafa með í útileguna. Það er miklu betra að maula heimabakað en fjöldaframleiddan mat úr pokum og dósum.**


EITT ÞAÐ BESTA FRÁ

**Panasonic**




**ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR**

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**150Hz Backlight scanning**
Clear Panel myndsían fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

**VIERA Connect**
Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

**VrealLIVE örgjörvi**
Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live. Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

**V-Audio Surround**
V-Audio Surround er fjölrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**VIERA Remote App Support**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.

**Panasonic TXL42E5Y**

Official 3D Equipment Partner Panasonic

**159.990**

ÁÐUR **189.990**

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir alla föstudaga. Hér er hann með uppskrift að grilluðum kjúklingalundum á spjóti og fylltum tómötum.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka rétti úr Holtakjúklingi frá Reykjagarði. Á föstudögum birtast þessar uppskriftir hér á forsíðu Fólks. Í dag er hann með grillaðar kjúklingalundir á spjótum með fáfnisgrasi og sítrónu ásamt fylltum tómötum og grilluðum paprikum. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir eru endursýndir yfir helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.



## GRILLAÐAR KJÚKLINGALUNDIR OG OSTAFYLLTIR TÓMATAR

**KJÚKLINGUR Í MARINERINGU**
800 g kjúklingalundir frá Holta
25 g ferskt fáfnisgras
3 tsk. Wholegrain Maille-sinnep
2 tsk. hrásykur
1 tsk. salt
50 ml olía
Safi úr tveimur sítrónum

**AÐFERÐ**
Hrærið öllu saman og berið á kjúklingalundirnar. Látið liggja í maringeringunni í um 30 mínútur. Þræðið lundirnar svo upp á spjót og grillið.

**FYLLTIR TÓMATAR OG GRILLAÐAR PAPRIKUR**
150 g rjómaostur
40 g sýrður rjómi
35 g fersk basilíka
4 litlar mozzarellakúlur
1 msk. síróp
2 stk. kúluhvítlaukur, smátt skorinn
10 g fersk steinselja
Salt og pipar
3 paprikur, hver í sínum lit

**AÐFERÐ**
Blandið öllu saman, skerið toppinn af tómötunum og hreinsið innan úr þeim, fyllið þá með ostafyllingunni og grillið á efri grind. Skerið paprikuna gróft, setjið olíu yfir og grillið.


**Sumar tilboð NINGS**

- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Wok steiktar eggjanúðlur með karrý og grænmeti
- Kjúklingur og grænmeti Kung Pao
- Stökkt svínakjöt og grænmeti orange
- Jasmín hrísgrjón og soyasósa.

3790 krónur fyrir tvo
1895 krónur á mann
Tilboðið er eingöngu fyrir 2 eða fleiri

Vertu vinur okkar á facebook. Drögum út 20 vinningshafa í sumar á facebook, vertu með.

2 l. af Pepsi eða Pepsi Max á 99 krónur þegar þú kaupir Sumartilboð Nings

Nings-ís kókós eða mangó 149 krónur í allt sumar




Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is



**STAÐREYNDIR UM MÓTIÐ**

- *Unglingalandsmótið er haldið í fimmtánda sinn í ár.*
- *Keppt er í fjórtán greinum á mótinu, meðal annars í motokrossi, taekwondo og starfsíþróttum.*
- *Knattspyrna er vinsælasta greinin en næst koma frjálsar íþróttir og körfubolti.*
- *Búist er við 2.000 keppendum, sem er metþátttaka, og 15.000 gestum.*

# LEIKUR OG SKEMMTUN Á UNGLINGALANDSMÓTI

**ÍÞRÓTTIR** *Unglingalandsmótin eru vettvangur íþrótta og skemmtana fyrir börn og unglinga. Mótið verður haldið á Selfossi um helgina og er búist við miklu fjölmenni. Margar fjölskyldur mæta ár hvert.*

Fimmtánda unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Selfossi um helgina. Mótið er opið öllum unglingum frá ellefu til átján ára. Metþátttaka verður í ár og hafa um 2.000 unglingar skráð sig til leiks í fjórtán íþróttagreinum. Mótið er orðinn fastur liður hjá mörgum fjölskyldum enda alltaf nóg við að vera fyrir alla aldurshópa á slíkum mótum. Helga Jóhannesdóttir úr Mosfellsbæ hefur sótt síðustu fjögur unglingalandsmót með eiginmanni og tveimur börnum. Hún segir mótin vera góða fjölskylduhátíð þar sem afþreying sé í boði fyrir alla mótsgesti. „Þessi mót snúast ekki bara um að keppa í íþróttum heldur er margt í boði fyrir alla fjölskylduna. Við kynnumst nýjum bæjarfélögum, hittum vini og kunningja og krakkarnir kynnast fullt af krökkum úr öðrum liðum. Hún segir líka gaman að sjá hvað bæjarfélögin bjóða upp á fjölbreytta dagskrá utan mótsins. Þannig séu í boði gönguferðir og söfnin í bænum séu opin svo eitthvað sé nefnt. „Gestir kynnast viðkomandi bæjarfélagi á alveg nýjan hátt. Það var sérstaklega skemmtileg upplifun að vera í Borgarnesi árið 2010 þar sem óvenju mikið var til dæmis um að vera í menningarlífinu í bænum. Ekki skemmdi fyrir að veðrið var mjög gott.“

Helga á tvö börn og keppir yngra barnið á mótinu um helgina en það eldra er orðið of gamalt til að taka þátt. Hún segir einn góðan kost mótsins vera þann að börnin geti prófað sig áfram og keppt í ýmsum greinum. „Sonur minn sem æfði frjálsar íþróttir tók til dæmis þátt í fótbolta á landsmótinu í Borgarnesi með félögum sínum og skemmti sér mjög vel.“ Þátttaka í unglingalandsmótum er bæði holl og skemmtileg fyrir börn og foreldra að mati Helgu. Hún segir það gott fyrir yngri börnin og unglingana að sjá hvað íþróttir geta verið gefandi og skemmtilegar. „Það er gaman að hitta allt fólkið á mótunum. Krakkarnir hafa líka svo gott af því að prófa nýjar íþróttir og það er margt í boði. Þannig geta þau prófað sig áfram og fundið íþrótt sem hentar þeim, hvort sem um einstaklings- eða hópíþrótt er að ræða. Þetta fyrirkomulag getur vakið áhuga margra barna og unglinga á nýjum íþróttagreinum. Ekki má gleyma að það veitir foreldrum mikla ánægju að fylgjast með börnum og unglingum á móti sem þessu.“

Helga stefnir á að mæta aftur á næsta ári með fjölskylduna. „Síðan fer að styttast í að við hjónin tökum þátt í Landsmóti UMFÍ 50+ sem er haldið fyrir 50 ára og eldri. Það verður mjög skemmtilegt. Þá keppa foreldrarnir og börnin og barnabörnin fylgjast með og hvetja.“

Keppni á unglingalandsmótinu hefst á föstudaginn og fer setning mótsins fram sama kvöld. Auk tvö þúsund keppenda gera skipuleggjendur mótsins ráð fyrir 15.000 gestum.



**FJÖR Á LANDSMÓTI** Helga Jóhannesdóttir ásamt dóttur sinni og fótboltaliði hennar sem keppir á unglingalandsmótinu á Selfossi um helgina. MYND/DANÍEL




## TRAKTORSTORFÆRUKEPPNIN Á FLÚÐUM Í TÍUNDA SINN

**Tíu keppendur þegar skráðir**

**SKRAUTLEG KEPPNI** Traktorstorfærukeppni verður venju samkvæmt haldin á Flúðum um helgina. Minnstu munaði að ekki væri hægt að halda keppnina, tíunda árið í röð, vegna þess að Björgunarfélagið Eyvindur á Flúðum þurfti að segja sig frá henni þar sem það uppfyllti ekki lengur kröfur Landssambands íslenskra akstursfélaga vegna torfærunnar. Þessu var þó bjargað og mun keppnin verða haldin laugardaginn 4. ágúst klukkan 13.30 í samstarfi við Fögrusteina, Landtak og LímtréVírnet. Nú þegar eru tíu keppendur skráðir til leiks, þar af nokkrir nýir. Traktorstorfærukeppnin hefur haft mikið aðdráttarafl á Flúðum síðustu tíu ár. Hún hefur verið kölluð heimsmeistarakeppni þar sem það eru sennilega ekki margar slíkar keppnir úti í hinum stóra heimi. Traktorarnir mega ekki vera yfir 50 hestöfl og þykir keppnin ansi skrautleg.



3. ÁGÚST 2012

# Lífið

GK BÆTIR VIÐ HÁTÍSKUMERKJUM

SIMMI OG JÓI GRILLA Á ÞJÓÐHÁTÍÐ

HEIMSMEISTARI Í HEY-RÚLLUSKREYTINGUM



# STUÐMENN, HLJÓMSVEIT ALLRA LANDSMANNA

## 30 ÁR FRÁ GERÐ BEST SÓTTU KVIKMYNDAR ÍSLANDSSÖGUNNAR – MEÐ ALLT Á HREINU

## HVERJIR VORU HVAR?

Íslendingar hafa verið duglegir að njóta veðurblíðunnar og ferðast um landið sitt fagra undanfarið. Á Mærudögum á Húsavík var margt um manninn en þar höfðu stjörnukokkurinn Völundur Snær Völundar-



son og hans ekta kvinna, Þóra Sigurðardóttir, vart undan við að taka á móti gestum og gangandi á veitingastað þeirra, Pallinum. Þá sást til annars stjörnukokks á Seyðisfirði á dögunum þar sem Yesmine Olsson



var við upptökur á nýjum matreiðsluþætti. Með henni í för var eiginmaðurinn Arngrímur Fannar Haraldsson og sminkan Elín Reynisdóttir.






Lífið

UMSJÓN
**Ellý Ármanns** elly@365.is
**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Myndvinnsla forsíðumyndar: Linda Desire Loeskow
Förðun: Helga Karolína með Make Up Store




Valgerður, Hendrikk, Drífa Atladóttir.



Ellen Loftsdóttir, Helga Ólafsdóttir.



Ólína, Bryndís og Ása Ninna.



Brynja og Ási Már.



STELLA McCartney. MYND/DANÍEL

# HÁTÍSKA Í BLAND VIÐ ÓDÝRAN GÆÐAFATNAÐ

**Á annað hundruð manns komu saman í tískuversluninni GK í vikunni. Tilefnið var frumsýning þriggja nýrra hátískumerkja; Stella McCartney, mcq frá Alexander McQueen og mm6 by Maison Martin Margiela.**

Tískuáhugamenn hafa beðið merkjanna með mikilli eftirvæntingu en um skó, töskur og fatnað er að ræða. Verslunin hefur lagt mikið upp úr því undanfarið að bjóða upp á annars vegar hátísku fatnað og hins vegar ódýr gæðamerki. eigendurnir þau Ása Ninna Pétursdóttir og Guðmundur voru að vonum afar ánægð með kvöldið og segja nú loksins alla geta fundið eitthvað við sitt hæfi í versluninni. fleirri nýjunga er að vænta í gk, en meðal þeirra er ný og spennandi undirfatalína.



Ása Ninna og Gummi, eigendur GK.





VERTU VELKOMINN
SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI: 56 85 305
OPNUNARTÍMAR
VIRKA DAGA: 8 - 18
LAUGARDAGA 9 - 13


=



# KLÆDDIST SKAUTBÚNINGI FRÁ 1938

Dorrit Moussaieff forsetafrú var að vanda glæsileg þegar eiginmaður hennar, Ólafur Ragnar Grímsson, var settur í embætti forseta í fimmta sinn á miðvikudaginn. Dorrit klæddist íslenskum skautbúningi, en samkvæmt upplýsingum frá forsetaembættinu var hann saumaður árið 1938 og er því sjötíu og fjögurra ára gamall. Brjóstnælan á búningnum er gömul víravirkisnæla sem Ólafur Ragnar gaf Dorrit. Fjöldi fólks var viðstaddur embættistökuna og óskaði forsetahjónunum til hamingju. Á meðal þeirra voru Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, og Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands.



Frá innsetningu forseta fyrr í vikunni.



Dorrit Moussaieff var glæsileg að vanda



Dorrit og Vigdís Finnbogadóttir takast í hendur MYND/STEFÁN












Regnboginn í eldhúsinu

Joseph Joseph™

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal










MYNDVINNSLA: LINDA LOESKOW

# STÖÐUGAR ENDURFÆÐINGAR STUÐMANNA

**Hinir einu sönnu STUÐMENN, hljómsveit allra landsmanna, prýða forsíðu Lífsins í dag og er það vel við hæfi um verslunarmannahelgi. Hljómsveitin hefur staðið oftar á sviði þessa helgi en nokkur önnur íslensk sveit, stóð um árabil fyrir risavöxnum útihátíðum í Atlavík, Húnaveri, Húsafelli og víðar, að ekki sé talað um margar Þjóðhátíðir í Vestmannaeyjum en þar kvikmyndaði sveitin m.a. stóran hluta kvikmyndarinnar Með allt á hreinu. Í þeirri ástsælu kvikmynd eru klassísk Eyjalög á borð við Úti í Eyjum og Víst er fagur Vestmannaeyjabær.**

Nú eru liðin þrjátíu ár frá gerð þessarar best sóttu kvikmyndar Íslandssögunnar og af því tilefni munu Stuðmenn efna til stórtónleika í Hörpunni föstudaginn 5. október. Fyrir hlé mun sveitin flytja helstu perlur langs og farsæls ferils, en eftir hlé verða eingöngu flutt lögin úr myndinni Með allt á hreinu.

Einnig verða frumflutt a.m.k. þrjú ný lög á þessum tónleikum, eitt þeirra helgað ljúfsárum minningum örlagaparsins Hörpu Sjafnar Hermundardóttur og Kristins Stuðs Styrkárssonar Proppé.

Þá mun Sena gefa út vandað safn af endurhljóðblandaðri tónlist kvikmyndarinnar en þar verður að finna bæði lögin sem voru á upphaflegri hljómplötu, lögin sem ekki rötuðu á hljómplötuna og loks lög sem samin voru og hljóðrituð fyrir myndina en voru ekki með einhverra hluta vegna.

Hér getur að líta svör nokkurra Stuðmanna við áleitnum spurningum Lífsins um lífið, tilveruna, tónlistina, hljómsveitina og það að tilheyra enn „Hjarðmönnum hins holdlega krafts".

### Fæðing Stuðmanna í nokkrum orðum?

**Jakob Frímann Magnússon:** Mér er efst í huga endurfæðing Stuðmanna 2012 sem er innblásin af splunkunýjum remixum af tónlistinni úr Með allt á hreinu. Stuðmenn í Hörpu var síðan hugmynd sem hlaut óðara vængi.

**Valgeir Guðjónsson:** Sitjandi fæðing í ljósbláum Opel Kadet á Hringbrautinni, á móts við Gamla Garð. Eftir það nokkrar endurfæðingar.

**Ragnhildur Gísladóttir:** Enn ein fæðing Stuðmanna er sett 5. október í tilefni þrjátíu ára afmælis hinnar ódauðlegu og sívinsælu kvikmyndar Með allt á hreinu. Endurfæðingar eru tíðar í þessari hljómsveit og tekur sveitin á sig þokkalega breytilegar myndir eftir verkefnum þó svo frumstofninn sé sá sami.

### Litið yfir farinn veg. Hvað stendur algerlega upp úr?

**JFM:** Þegar við lentum í heitum samræðum í Stykkishólmi eftir gigg til klukkan sjö um morguninn. Einn okkar pissaði í kampavínsflösku og annar gekk inn skömmu síðar dauðþyrstur, sér fulla kampavínsflösku og gúlpar í sig. Þetta var einhver allra best heppnaða yfirfærsla Stuðmanna á vessum innan sveitar – að frátöldu sáðláti því er leiddi til fæðingar eina hreinræktaða Stuðmannsins á jarðríki, Bryndísar Jakobsdóttur.

**VG:** Eitthvert allra minnisstæðasta atvikið var þegar ung kínversk stúlka, sem starfaði sem trommuleikari hjá hinu opinbera þar í landi, settist við við trommusett Ásgeirs Óskarssonar og tók trommusóló. Hún gat ekki rassgat…

**RG:** Stuðmenn leggja talsvert upp úr vandaðri en þó hæfilega villtri sviðsframkomu og hafa kallað til aðstoðarmenn. Einn þeirra,

FRAMHALD Á SÍÐU 6

„Einn okkar pissaði í kampavínsflösku og annar gekk inn skömmu síðar dauðþyrstur, sér fulla kampavínsflösku og gúlpar í sig. Þetta var einhver allra best heppnaða yfirfærsla Stuðmanna á vessum innan sveitar - að frátöldu sáðláti því er leiddi til fæðingar eina hreinræktaða Stuðmannsins í jarðríki, Bryndísar Jakobsdóttur."






ENJOY RESPONSIBLY
Í sumarskapi með Heineken
Heineken
TRADE MARK
Heineken
Taktu þátt í sumarleik Heineken á facebook.
Svaraðu nokkrum laufléttum spurningum og
þú gætir unnið flotta sumarvinninga:
Strandhandklæði ★ Ipod hátalara ★ sólgleraugu
fulla kælibakpoka ★ útilegusett með öllu
alvöru fótboltaspil ★ út að borða á völdum stöðum
og margt fleira
www.facebook.com/heineken
TRADE MARK
Heineken®
LÉTTÖL





MYNDVINNSLA: LINDA LOESKOW

FRAMHALD AF SÍÐU 4

og sennilega sá heitasti til margra ára, var Addi , dansari og söngvari. Eitt sinn skoraði Addi á Tómas og Þórð að taka þátt í litlu atriði með sér í Atlavík um verslunarmannahelgi. Atriðið var þannig að Addi, sem var í pungbindi, krepsokkum og lakkskóm, staðsetti sig þannig á milli tveggja stóla að hnakki hans var á öðrum stólnum og hælarnir á hinum. Vegna þess hve ógnarsterkur Addi var gátu Tómas og Þórður stigið upp á hann til skiptis og leikið á hljóðfærin um stund. Addi var þarna þráðbeinn og haggaðist ekki undan þunganum. Hann hvatti þá meira að segja til að tvímenna á sér en þeir treystu sér ekki til þess, sennilega erfitt fyrir þá að halda jafnvæginu.

### Hefur samstarfið alltaf gengið vel?

**JFM:** Upp og niður eins og gengur. Til handalögmála hefur þó einungis komið á erlendri grundu, einu sinni í Kína og öðru sinni í Rússlandi. Annars allt í stakasta.

**VG:** Furðu vel miðað við ólíka genasamsetningu liðsmanna.

**RG:** Hljómsveitin er samsett úr egóistum og sterkum karakterum þannig að það er ekki bara stilla og blíða. Allir hafa rétt fyrir sér. Innanborðs er skilningur og misskilningur, hlátur og grátur, faðmlög og slagsmál, ást og hatur, gleði og tuð, svo eitthvað sé nefnt.

### Hver eru vinsælustu Stuðmannalögin í dag þegar þið komið fram?

**JFM:** Vinsælustu lögin sem við flytjum eru Grýlulögin, eftir Röggu.

Með allt á hreinu tónlistin er býsna lífseig.

**RG:** Veit það ekki. Hef ekki verið í hljómsveitinni síðan 2005 sem var í Royal Albert Hall og man ekki hvað sló í gegn þar, er smá gleymin.

> „Hljómsveitin er samsett af egóistum og sterkum karakterum þannig að það er ekki bara stilla og blíða. Allir hafa rétt fyrir sér.“

### Hvar verðið þið um verslunarmannahelgina?

**JFM:** Í Dölunum.

**VG:** Á þurru landi.

**RG:** Ég verð úti að hjóla, á Reykjavíkursvæðinu

### Nú eigið þið langa sögu. Eruð þið alltaf jafn miklir vinir eða eins og ein stór fjölskylda?

**JFM:** Á túrunum í gamla daga voru konur og börn stundum með, einkum á stórhátíðum eins og í Atlavík. Einu sinni fórum við saman í frí til Spánar sem endaði með skelfingu. Stundum hafa komið langar þagnir og síðan hafa verið haldin matarboð og veislur og alls kyns skrítin gigg. Það er alltaf einhver þráður þarna. Oftast virkilega gaman að koma saman.

**VG:** Gömul vinátta er endingargóð eins og felst í orðanna hljóðan.

**RG:** Einu sinni skáti, tvisvar skáti!

### Hafið þið aldrei fengið leið hvert á öðru – eða því að flytja sömu lögin ár eftir ár?

**JFM:** Við höfum að sjálfsögðu fengið okkur fullsödd hvert á öðru eins og gengur og þá bara tekið hlé. Síðan verða endurfundir og þeir yfirleitt mjög frísklegir.

**VG:** Af og til getur örlítill pirringur látið á sér kræla og eins og á vinnustöðum almennt eru verk endurtekin árið út og inn án þess að það valdi óbærilegu hugarangri. Sum lög eru reyndar bærilegri en önnur og öfugt.

**RG:** Stuðmenn?

### Framtíð Stuðmanna. Eigum við von á efni frá ykkur eða er stefnt að því að setjast í helgan stein?

**JFM:** Nýtt efni verður til í hvert sinn sem við teljum í. Einu sinni





> **„Endurfæðingar eru tíðar í þessari hljómsveit og tekur sveitin á sig þokkalega breytilegar myndir eftir verkefnum þó svo frumstofninn sé sá sami.“**

fórum við á Snæfellsnes, stungum upptökutækjum í samband og byrjuðum að spila inn heila plötu sem var meira eða minna samin á staðnum, um leið og verið var að impróvísera og spinna. Ég spái nýrri plötu innan tíðar.

**VG:** Það er vandi að spá og sérstakleg um framtíðina. Stuðmenn hafa leitað þrotlaust í áratugi að hinum helga steini án sýnilegs árangurs.

**RG:** Stuðmenn eru eilífir og verða einhvern tíma höggnir í stein, helgan stein.

### Eitthvað að lokum?

Við hlökkum verulega til Stuðmannatónleikanna í Hörpu 5. október næstkomandi! Það verður virkilega skemmtilegt kvöld.



Eggert Þorleifsson í eftirminnilegu atriði úr kvikmyndinni Með allt á hreinu.



Stuðmenn á Nasa.



NEUTRAL KYNNIR:

BJARGAÐU ANDLITINU FRÁ ILMEFNUM OG ÖÐRUM ÓÞARFA AUKAEFNUM

Snyrtivörur sem innihalda ilmefni auka hættuna á að þú fáir ofnæmi sem mun fylgja þér alla tíð. Með nýju andlitslínunni frá Neutral getur þú með góðri samvisku hugsað vel um húðina því að í henni eru engin ilmefni, litarefni eða paraben.







Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir hönnuður og bráðum veitingahúsaeigandi með Völu.



Helga Braga leikkona og flugfreyja, Guðrún G. Bergmann rithöfundur og Guðný Pálsdóttir verkefnastjóri hjá Iceland Express. MYND/VALLI

# VALA MATT FAGNAR ÚTKOMU SÆLKERABÓKAR

**Vala Matt hélt upp á útkomu stórglæsilegrar sælkerabókar á veitingastaðnum RUB23 í Reykjavík á dögunum en verkefnið hefur átt hug og hjarta Völu undanfarna mánuði.**

„Verkefnið sælkeraleiðarvísir um Ísland / „Iceland Local Food Guide" er fjölmiðlunarverkefni þar sem finna má upplýsingar um veitingastaði og framleiðendur um allt land sem bjóða upp á staðbundinn íslenskan sælkeramat og íslenskar sælkeraafurðir. Texti er bæði á íslensku og ensku," segir Vala lukkuleg.

Sérstaða verkefnisins er sú að hér er í fyrsta skipti hægt að fá aðgang að upplýsingum með myndböndum um sælkeralandið Ísland. Gefin er út bók sem dreift er frítt, þar sem fjallað er um matarhefðir hvers landshluta, svokölluð krásarverkefni, þar eru einnig upplýsingar um sælkeraveitingastaði og lítil kaffihús og bakarí og einnig framleiðendur landshlutanna og margt fleira áhugavert sem tengist sælkeramat á Íslandi.

„Í bókinni er yfirgripsmikið matarkort þar sem allir staðirnir eru skráðir. Heimasíða www.icelandlocalfoodguide.is gefur möguleika á að fá allar upplýsingarnar frá hverjum landshluta með því að smella á landsvæðin á sérstöku korti á forsíðunni. Bókin er einnig á heimasíðunni þar sem hægt er að fletta henni og skoða," segir Vala stolt að lokum.

› Sjá nánar á visir.is/lifid



Jón Ársæll sjónvarpsmaður, Eiríkur Hjálmarsson upplýsingafulltrúi OR og Vala.



## VALA MATT MÆLIR MEÐ...

**Vesturland**
Matarbúrið á Hálsi í Kjós
*www.matarburid.is*

**Vestfirðir**
Malarkaffi á Drangsnesi
*www.malarhorn.is*

**Norðurland**
Hótel Varmahlíð
*www.hotelvarmahlid.is*

Holtsel í Eyjafjarðarsveit
*www.holtsel.is*

**Austfirðir**
Vallanes - *www.vallanes.is*

**Suðurland**
Hótel Höfn í Hornafirði
*www.hotelhofn.is*

Pakkhúsið á Höfn í Hornafirði
*www.pakkhus.is.*


SKARTGRIPIR FRÁ I AM & FYLGIHLUTIR FRÁ YSTRDY FÁST EINGÖNGU Í

I AM KRINGLUNNI



*Armband með hauskúpum*

*1.595,- kr*



*Fjaðraeyrnalokkar með málmhauskúpum*

*1.395,- kr*



*Marglitað veski með langri ól*

*3.395,- kr*



*Lyklakippa með klút*

*1.195,- kr*



*Hálsfesti með keðjum*

*2.595,- kr*



*Hálsfesti með mismunandi perlum*

*2.595,- kr*

*Armband með gylltum hnöppum*

*1.395,- kr*



*Hálsfesti með málmtoppum*

*1.995,- kr*





*Marglitað veski með langri ól*

*3.395,- kr*



*Hringur með hauskúpumynstri*
*995,- kr*



*Ofin sjöl með barrokk skraut mynstri*

*1.995,- kr*



*Satin klútur með keðju og blómaskreyttu mynstri*

*1.995,- kr*

punk rock chic
LUXURIOUS EDITION



TÍMARITIÐ
# SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

# Upplifun
## um verslunarmannahelgina á Selfossi



**Ljósmynda- og plöntusýning**
**4. og 5. ágúst kl. 14:00 - 18:00**
**í Fossheiði 1, Selfossi**




20 ÁRA
1992-2012



**Hjartanlega velkomin**

Facebook

Vandað og áhugavert lífsstílstímarit um allt sem viðkemur garðyrkju og sumarhúsalífi. Blaðið kemur út fimm sinnum á ári og er uppfullt af fróðleik og skemmtilegu lesefni.

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

**Áskrift í síma 578-4800 og á www.rit.is**

Áskrift í eitt ár kostar kr. 4.780 sé greitt með greiðslukorti. Þrjú eldri blöð fylgja með.




Sigrún Linda er listakona sem rekur vefinn stjörnumerki.is.

# HEIMSMEISTARI Í HEYRÚLLUSKREYTINGUM

**Sigrún Linda Karlsdóttir varð heimsmeistari í heyrúlluskreytingum á hátíðinni Kátt í Kjós hinn 21. júlí síðastliðinn. Keppnin var nú haldin í sjötta sinn í Kjósinni við bæinn Eyrarkot í tengslum við hátíðina Kátt í Kjós.**

„Þátttakan var góð. Alls voru um nítíu rúllur skreyttar. Þetta var aðeins minni þátttaka en venjulega og var það sennilega vegna leiðinlegrar veðurspár en veðrið var samt sæmilegt á keppnisdaginn eða til klukkan fimm, þá fór að rigna. Ég náði ekki alveg að klára heyrúlluna eins vel og ég hefði viljað en það var allt í lagi,“ segir Sigrún Linda ánægð með sigurinn.

„Ég gerði býflugu. Það var ekki til nógu mikið af gula litnum þannig að ég varð að nota hugmyndaflugið. Þess vegna er hún gul-, bleik- og grænröndótt. Einhver sagði að þetta væri hún Mæja býfluga í sparikjólnum sínum, mér fannst það dálítið skemmtilegt,“ segir heimsmeistarinn hlæjandi.



Sjálfsmynd sem Sigrún Linda teiknaði.



Heyrúllurnar munu standa í túninu í Eyrarkoti fram að verslunarmannahelgi og geta áhugasamir því kíkt í Kjósina og borið þær augum þangað til.

USB SKJÁR

NÝJUNG FRÁ PHILIPS!

21,5" skjár sem tengist aðeins með USB. W-LED háskerpuskjár með frábærri upplausn. Kemur á stillanlegum standi þannig að hægt er að snúa honum í 90°.

Philips 221S3LSB LED

SÉRSTAKT KYNNINGARVERÐ

34.990

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

PHILIPS

tl.is TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR



## HVAÐ ÆTLARÐU AÐ GERA UM VERSLUNARMANNAHELGINA?

Þórunn Högnadóttir, ritstjóri NUDE home

### RÓLEG FJÖLSKYLDUHELGI FRAM UNDAN



„Við fjölskyldan ætlum að mestu leyti að vera í bænum þessa verslunarmannahelgina, en við ætlum nú samt aðeins að kíkja til frænku minnar fyrir austan á föstudaginn í grill og huggulegheit.

Svo hefði minn elskulegi pabbi orðið sjötíu ára á laugardaginn þannig að fjölskyldan ætlar að borða saman og eiga góða stund.

Á sunnudaginn stendur svo til að fá góða vini í mat og hafa það huggulegt í garðinum.

Þannig að þetta verður frekar róleg en yndisleg helgi hjá okkur, svo verður súper gott veður hér í höfuðborginni.“

Sigrún Birna Blomsterberg, útvarpskona og dansari

### HEFÐI VERIÐ LJÚFT AÐ KÍKJA Í BREKKUNA



„Ég ætla að helga mig K100,5 þetta árið og standa vaktina uppi í stúdíói. Svali og strákarnir mínir eru flestir í fríi svo ég mun halda uppi stuðinu.

Á föstudaginn verð ég í beinni útsendingu við enda Hvalfjarðarganganna.

Um helgina verðum við svo stödd á Einni með öllu á Akureyri þar sem við tökum púlsinn á þessari skemmtilegu hátíð.

Svo verður BIGMix með Kidda BigFoot sent beint út frá Eyjum svo ég get fylgst með því sem fram fer þar. Það hefði verið ljúft að kíkja út á sunnudagskvöldinu í brekkuna og sjá Ronan Keating, en ég fæ stemninguna bara beint í eyrað.“

Hólmfríður Magnúsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu

### EYÐIR HELGINNI MEÐ LANDSLIÐINU



„Ég ætla eyða helginni með landsliðinu en við erum að fara til Skotlands á fimmtudaginn þar sem við spilum æfingaleik á laugardaginn. En við erum að undirbúa okkur fyrir úrslitaleikina í september í riðlinum til þess að komast á EM.

Svo vill svo heppilega til að við fáum að fara á 8-liða úrslit kvenna í fótbolta á föstudaginn á Ólympíuleikunum. Það er því óhætt að segja að það sé mjög spennandi verslunarmannahelgi fram undan.“


BYLGJAN
ER MEÐ ÞÉR UM
VERSLUNARMANNAHELGINA
SIGGI HLÖ
BYLGJAN
Fyrir austan, vestan, norðan og sunnan.
Í bílnum, tjaldinu og heima!
ÍVAR GUÐMUNDSSON
BJARNI ARA
SIMMI OG JÓI
ÁSGEIR PÁLL
Á FERÐINNI UM LANDIÐ
VIÐ VERÐUM ÚT UM ALLT og í beinu sambandi við íslenska tónlistarmenn og skemmtikrafta.
LÉTTUR LEIKUR MEÐ TAL – 3G inneignir og Samsung Galaxy S3 í verðlaun.
BREKKUSÖNGURINN á Þjóðhátíð í beinni á sunnudagskvöld.
HAFÐU BYLGJUNA MEÐ ALLA HELGINA og skemmtu þér vel – með góðu 3G Tal-sambandi í símann getur þú hlustað nær hvar sem er!
BYLGJAN NÆST UM NÆR ALLT LAND Á FM TÍÐNINNI
Kort með öllum sendum Bylgjunnar um landið má finna á www.bylgjan.is. Í flestum bílum má stilla á RDS og tækið finnur næsta sendi sjálfkrafa.
FRÉTTIR, VEÐUR OG VEGAUPPLÝSINGAR ALLA HELGINA
Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar er á vaktinni alla helgina og dagskrárgerðarmenn færa nauðsynlegar fréttir af veðri og umferð.
Hemmi Gunn, Ívar og Ásgeir Páll byrja fjörið eftir kvöldfréttir föstudag. Simmi og Jói verða í Eyjum og fagna 5 ára afmæli þáttarins á laugardagsmorgun. Hemmi og Ásgeir Páll gera allt vitlaust eftir hádegi og Siggi Hlö klikkar ekki síðdegis á laugardag. Bjarni Ara í loftinu eftir hádegi sunnudag og mánudag. Partívakt öll kvöld. Ásgeir Páll fylgir öllum heilum heim síðdegis á mánudag.
Tal
BYLGJAN
989

# STANDA VAKTINA ALLA HELGINA

Athafnamennirnir Simmi og Jói ætla að halda til í Vestmannaeyjum um helgina þar sem þeir munu grilla FABRIKKUHAMBORGARA ofan í svanga þjóðhátíðargesti. Það er óhætt að segja að þeir séu vel búnir en borgararnir verða eldaðir í þessum glæsilega Ford Econoline árgerð 1991, sem búið er að breyta í fullkomið eldhús á hjólum. Í bílnum er innflutt glóðagrill sem steikir hamborgarana alveg eins og á Fabrikkunni, frönskupottar eins og þeir gerast bestir og brauðvél sem ristar brauðið eins og á Fabrikkunni.



„Með smíði á þessum bíl, þá erum við færir í að fara hvert á land sem er og munum eflaust gera það sumarið 2013. Eyjar 2012 er frábær eldskírn fyrir bílinn og okkur starfsfólkið," segja þeir Simmi og Jói sem sjálfir munu standa vaktina alla helgina með bros á vör.








## HELGARMATURINN



### Elfa Þorsteinsdóttir

**Mörg ár eru síðan Elfa tileinkaði sér hráfæði en hún mun kenna Íslendingum að matreiða svokallað raw-fæði á námskeiði í Gló laugardaginn 11. ágúst. Þar tekur hún meðal annars fyrir: Morgunmat – mismunandi hugmyndir, rawbrauð sem geta hjálpað meltingunni, pitsur, osta bæði úr hnetum og fræjum, chia-snakk, kökur og ís og svo margt fleira.**
**Lífið leitaði til Elfu eftir einfaldri raw-uppskrift fyrir byrjendur.**

### Raw-tómata- og gulrótarsúpa



2 box vel rauðir kirsuberjatómatar
4-5 gulrætur
1 rauð paprika
1 tsk. salt
1 epli
2 hvítlauksrif
6 msk. ólífuolía
Ferskar kryddjurtir eins og steinselja, kóríander, timían, óreganó og basil

Allt sett í blandara nema kryddjurtirnar (gott að byrja á tómötunum og láta þá verða að góðum vökva áður en hitt er sett út í) og blandað vel saman. Rétt í lokin er kryddjurtunum bætt út í blandarann og hann settur í gang í nokkrar sekúndur.

Ef þið viljið fá „rjómalegri" áferð á súpuna má bæta út í einni lárperu (avocado) eða smá möndlu, hnetu- eða fræmjólk.

Hellið í skálar og skreytið með ólífuolíu og ferskum kryddjurtum.




## Bílar til sölu



VW Polo 99, ek 112. Ný tímareim, bremsur og framöxull. Toppbíll. Tilb. í dag kr. 250 þús - Sími 8400506.



**Ódýrir í toppst!!**

Til sölu WV Passat árg. '98 bíll í góðu standi, er með dráttarkrók. Ný tímareim sk. '13 Verð 290þús. Uppl. s. 666 6555



Mussó árg 02, ek 157. Læstur fr. og aft. Ný 35" dekk. Ný dr.skaft, öxull framan, framdrifslæsing, púst, öxulhosur og klafafóðringar. Tilboð (á að seljast). Sími 840-0506



Til sölu Nissan double-cup diesel árg. 2006. Ek. 46þ. Mjög lítið keyrður og vel með farinn bíll. S. 897-1731



**Sjálfskiptur jepplingur rav4 2005 !**

Toyota Rav4 ssk AWD árg 05" 5dyra ekinn 120þ.Filmur álfelgur ofl verð 1690þús gott staðgreiðsluverð. uppls 777-3077



**TILBOÐ 1499þús**

Subaru Legacy 11/2005. Ek.89.000 Ásett verð 1650þús. Toppeintak, sk.skipti ódýrari. S.8205520



LAND CRUISER VX 35" 8 manna SSK.33"DEKK árg. '97 Ek.290 þús gott viðhald sama og ekkert ryð 1290 þús. s.8477663



BMW Z3 blæjubíll, nýsmurður, skoðaður, 98 árg., ek. 173 þ.km. Leður, rafmagn, ABS, spólvörn. Þarfnast smávægilegs viðhalds að utan en þétt kram. Tilboð: 843.000 kr. staðgr. Engin skipti. GSM 691-6658



**Mercedes Benz árg 99 ekinn 139.500 mílur.**

Skoðaður 2013 engin athugasemd og nýsmurður fyrir ferðalagið. Þjónustubók, rafmagn í öllu, leður, topplúga ofl Góður bíll. Tilboð óskast 823 5055 eða Benedikt.freyr@gmail.com




Honda Civic TypeR, árg 07/02 ek. 145 þ. 200 hö. Ásett 1.390 þ. gott staðgr. v. skoða skipti. S. 666 8888




Econline tilvalið húsbílsefni, árg. 92, bensín, þarfnast smá lagfæ. ásett 690 þ. Tilboð 500 þ. S. 666 8888



**!!! Sjálfskipt corolla 12/06 !!!**

Toyota Corolla Sol ssk 5dyra árg 06" ekinn 100þ,einn eigandi. álfelgur,spoiler.filmur ofl. Frábært eintak verð 1690þ gott staðgreiðsluverð uppls 777-3077



Til Sölu Hyundai XG (Sonata) 6 cyl árg 99 ekinn 167 þ.km. Skoðaður, verðhugmynd 320.000. Upplýsingar í síma 8401411



Til sölu MERCEDES-BENZ E 270 CDI E-270 arg. '02. Ek.314þ. Tilboð 1.590þ. Gott viðhald. S. 897-1731




Merzedes E 320 CDI avangarde 2006 árg. Dökkgrár Ek.176þkm V. 4.9M stgr 3.7 M S. 662 1663 eða 772 0133.

Til sölu Renault kangoo árg'00 ek 160þús. Góður bíll í fínu standi. s. 6962748

## 250-499 þús.

Suzuki Vitara árg. '00, ek. 150 þús. Verð 350 þús. Nýskoðaður, enginn skipti. m/ krók. S. 821-5977

Nissan almera árg. 98, ek. 240 þ. sk. 13. Uppl s. 865 1949

## 500-999 þús.



**Til sölu: Vegna flutninga**

Ford Mondeo S, Árg. 2002, Ekinn 145þús. Beinsk. Tilboð 550.000.- Uppl. í síma 772-6238.

## Bílar óskast

**Volvo jeppi óskast**

Óska eftir Volvo jeppa, árgerð 2002 - 2006, verðhugmynd 2-4 milljónir. Vinsamlegast sendið tölvupóst á stefanogfjolskylda@gmail.com

## Jeppar



Land Cruiser '94 árg. dísel ek. 386 þ.km. sjálfsk., leður, lúga, 35" dekk, Verð 1.390 þ. S. 896 5343



**!!! 550ÞÚS STAGR !!!**

Mmc pajero stuttur 2.5 dísel 5gíra ekinn 240þ ný skoðaður 13, ný dekk krókur. Vel við haldinn og mikið endurnýjaður Verð 690þ eða 550stgr uppls 777-3077

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

## Hópferðabílar



Renault Master 15 sæta til sölu. Verð 1.450 þús. Uppl. í s. 861-2319

## Mótorhjól



Til Sölu mótorhjól Yamaha Viargo 1100. Árg. 1992. Ekið 22.000 km. Mjög fallegt hjól. Mikið af aukahlutum. Verð 600.000. S. 893-5500

## Vespur



Piaggio vespa 125, ítölsk. árg '08. Gott hjól. Gott verð. Möguleg skipti á bíl, svipað verð. S. 844-6020

## Hjólhýsi



**Tilboðsverð 3. millj.**

Adria Altea PS 462 árg. 2011 með fortjaldi, sólarsellu og fl. s. 844-1207

## Fellihýsi



Esterell árg 1995 lengd 516cm breidd 209cm mjög vel með farið. Verð 1300 þúsund. Uppl. í síma 8941645






**Vel búið 12 feta Palomino**

Palomino Yearling árg 2005 til sölu. Fortjald, sólarsella, sjónvarpsloftnet, Truma miðstöð, ísskápur. Tilboðsverð 1.190 þús sími. 8258464

## Vinnuvélar



Vinnulyfta Nifty 170 árg. '03 nýjir rafgeymar, díselmótor, nýskoðuð og í góðu lagi. Verð 2.000.000 + VSK. Uppl. s. 772 1300

## Varahlutir




**Smápartar.is**

Smápartar er partasala sem sérhæfir sig í pörtum fyrir Subaru og Skoda,eigum orðið þó nokkuð af góðumvarahlutum í Imprezu ;97 til ;02 einig í Legasy 97 og 99.Erum einnig með Skoda Octavia 04 og 06.Einnig kaupum við Subaru og Skoda til niðurrifs. Nánari upplýsingar í síma 5675040 eða 7785040 nú eða á WWW.smapartar.is

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Varahlutavaktin**

Sími 555 6666

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

## Viðgerðir

**AB - PÚST**

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020

**AB Bremsur og viðgerðir**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl.í s. 663 5315 og 699 6069

**Faglærðir Píparar**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**ÓDÝR ÞRIF**

fyrir heimili og fyrirtæki. Mikil reynsla og góð þjónusta. S. 898 3799

**Pawel ræstingar!**

Öll almenn þrif, flutningsþrif, gólfbónun, steinteppa, teppahreinsun og stigagangar. S. 842 6522

**Vy-þrif ehf.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.







## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**

20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Meindýraeyðing

**Drepum geitungana**

Geitungasíminn 555 666 2

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.

Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav.

S. 899-4254.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**

Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is






**Kynningartilboð**
Náttúrulegar húð- og snyrtivörur frá Essential Care og Green People með 15% kynningarafslætti þessa vikuna. Ditto, Smiðjuvegi 4

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ískápar, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568

**Ódýr heimilistæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavéla. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**

**220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örYrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun







**ALLT FYRIR VERSLUNARMANNA-HELGINA:**
Hattar, gleraugu, kransar, skrautglös, plastborðbúnaður, rör, fánar, veifur, gló- og blikkvörur, o.fl. o.fl. Partýbúðin, Faxafeni 11, Opið 10-18 virka daga og 10-17 nk. laugardag. Finndu okkur á facebook.




## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

Gullfallegur breskur bolabítur til sölu, 10 vikna. Ættbók og heilsufarsbók fylgir. Dökkbrúnn og smá hvítur. Sjón er sögu ríkari. S. 821 9809.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Íbúð- Arnarnesi Garðabæ**
**Falleg 3 herb. íbúð ca. 100fm við sjávarsíðuna. Sérinngangur og bílastæði. Leigist rólegum, reyklausum og reglusömum einstakling eða pari (ekki börn). Gæludýr bönnuð. Verð 155þ. á mán. Rafmagn og hiti innifalin. Húsgögn geta fylgt. S. 867 4822 & 554 5545.**

Til leigu björt og snyrtileg 48 fm. stúdíóíbúð í Furugrund í Kóp. Leiga á mán. 70þ. Laus strax. Hiti og rafmagn innifalið. Uppl. gefur Ari í s. 860 1896 milli 3 og 4 í dag.

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir til sölu**
**í landi Kílshrauns á Skeiðum 18 km, fyrir austan Selfoss. 55 mín, akstur frá Reykjavík. Fallega mosavaxið hraun eða tún, góðar til gróðursetningar, vegur, vatn, símastrengur og 3ja fasa rafmagn komið að lóðarmörkum. Til afhendingar strax. Uppl. í síma 824 3040 Hlynur.**

**Sumarhús til leigu í Grímsnesi um Verslunarmannahelgina !!!**
Laust um verslunarmannahelgina v/ forfalla og laus í haust Uppl. í s. 663 4374.

Til sölu 2 sumarhúsalóðir. 6100 fm og 6900 fm í landi minna Mosfells. Ásett verð 230 kr/fm. Heitt og kalt vatn og rafmagn komið á lóðamörk. S. 695-1543

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherb. til leigu að Súðarvogi 7 2.h. 2 herb. 16fm og 48fm laus strax, sameiginlegt fundarherb., kaffistofa og öryggiskerfi. Uppl. í s. 824 3040 Hlynur.

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Verð 8,9 - 9,9 m. S: 660-1060 og 661-6800 Facebook:/ Steinhella 14

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




## ATVINNA

## Atvinna í boði




**Afgreiðslufólk óskast!**
**á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

**Veitingahús**
**Starfskraftur óskast í afgreiðslu á veitingahúsi Æskilegur aldur 28+**
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „veitingahús"**

Steikhúsið óskar eftir vönu aðstoðarfólki í eldhús Upplýsingar í síma: 892-4020

Óska eftir vönum manni í húsaviðgerðir. S: 618 5286. Þórður.

## Atvinna óskast

24 ára hraustur og duglegur strákur vill komast á sjó. Er fljótur að læra. Er búinn að skrá mig í slysavarnarskóla sjómanna. 8940509

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn. Engin bið nema þegar talað er.










**Veitingastaður í miðbænum**
Tælenskur matsölustaður í Lækjargötu til sölu. Vel tækjum búin. Frábær tækifæri. Gott verð. Upplýsingar í síma: 776-9570.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar**
**Leikskóli**

**Við leikskólann Vesturkot vantar deildarstjóra**

Allar upplýsingar veitir Særún Þorláksdóttir, sími 664 5854 eða vesturkot@hafnarfjordur.is

Sjá nánar heimasíðu skólans.
**Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst 2012.**
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

VERSLUNARMANNAHELGIN BYRJAR Í BÓNUS V

## FERSKT EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI




**1359** KR. KG

## FROSIÐ NAUTARIBEYE



ÞÝSKT FROSIÐ NAUTARIBEYE **2798 KR.KG**



**1398** KR. KG

NORÐANFISKUR: FROSNI
ÍSLENSKIR BLEIKJUBITA
BEINHREINSAÐIR M.ROÐ




BÓNUS KORNBRAUÐ 500 GR. **98 KR. STK**




**398** KR. 2 STK.

FERSKIR 2 X 140 GR.
UNGNAUTA-HAMBORGARAR




OS GOUDA 26% OSTUR
**998** KR.KG



FROSIN LÚÐA FRÁ NOREGI
**2798** KR KG.

TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI !




BÓNUS HANGIÁLEGG
8 SN. Í PAKKA CA. 120 GR / CA. 359 KR. PAKKINN
**2998** KR.KG

BÓNUS NÝBAKAÐIR KLEINUHRINGIR
MEÐ SÚKKULAÐI EÐA KARAMELLU !



**198** KR. 2 STK.

BÓNUS SAMLOKA MEÐ
HANGIKJÖTI / RÆKJUSALATI
EÐA TÚNFISKSALATI




BÓNUS SAMLOKAN
**198 KR.**




BÓNUS FLATKÖKUR
FIMM FLATKÖKUR Í PAKKA
**98** KR.



MYLLU MÖNDLUKAKAN
420 GR / 1 + 1 AÐEINS **498 KR.**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

OPNUM KL

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## ERSLUNARMANNAHELGIN BYRJAR Í BÓNUS

**Bónus afgreiðslutími um verslunarmannahelgina**

| | |
|---|---|
| Föstudagur 3.ágúst | 10.00-19.30 |
| Laugardagur 4.ágúst | 10.00-18.00 |
| Sunnudagur 5.ágúst | 12.00-18.00 |

Mánudagur 6.ágúst
Frídagur verslunarmanna
Allar Bónus verslanir lokaðar

| | |
|---|---|
| Þriðjudagur 7.ágúst | 11.00-18.30 |

EINNOTA GRILL

**298** KR. STK

HEIMA
**EINNOTA GRILL**

Doritos Cool American · Doritos Nacho Cheese · Doritos Sweet Chilli Pepper

**DORITOS 165 GR POKI**
COOL AMERICAN -NACHO CHEESE - SWEET CHILLI PEPPER
**195 KR.**

Toffypops

**119** KR. PK
**TOFFYPOPS KEX 125 GR**

MARGSKONAR **GLOW** VÖRUR

**ÓMISSANDI Á KVÖLDIN**

Varma Koppen

**BLÅ BAND BOLLASÚPUR** ÞRJÁR SÚPUR Í PAKKA
**198 KR. PK**

**HANDY SMOKKAR**
**18 STK**
HVER SKEMMTUN AÐEINS 16.5 KR.
**298 KR.PK**

Maryland

**129** KR. PK 172 G

**KIT KAT 3 STK**
KitKat
**198** KR. 3 STK.

**ORKUDRYKKUR**
**ENERGY DRINK**
250 ML & 500 ML

ENERGY DRINK SUGAR FREE · ENERGY DRINK · ENERGY DRINK 500 ml

**69** KR. 250 ML
**95** KR. 500 ML

SALTY STICKS

**98** KR. 200 GR
**ES SALTSTANGIR**

Pringles

**198** KR. 165 GR
**98** KR. 40 GR

Æði Bitar · Prins Bitar · Hraun Bitar

**GÓU-ÞRENNAN**
**598 KR.** 3 X 200 GR. KASSAR

mix · Egils APPELSÍN

**98** KR. 1/2 LTR

7UP

**198** KR. 2 LTR.

Coca-Cola
zero

Coca-Cola light · Coca-Cola

**98** KR. 500 ML

Coca-Cola zero

**59** KR. 330 ML

4x1.5l

**COKE-KIPPA** 1.5 LTR X 4
**698 KR. 6 LTR**

UKKAN TÍU

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fúska, **6.** í röð, **8.** nægilegt, **9.** reglur, **11.** ónefndur, **12.** fáni, **14.** lítið glas, **16.** ung, **17.** berja, **18.** annríki, **20.** hróp, **21.** snöggur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** utan, **4.** áttfætla, **5.** tálbeita, **7.** svartsýnn, **10.** op, **13.** loft, **15.** pabbi, **16.** bjargbrún, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** káka, **6.** áb, **8.** nóg, **9.** lög, **11.** nn, **12.** flagg, **14.** staup, **16.** ný, **17.** slá, **18.** önn, **20.** óp, **21.** snar.

**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** án, **4.** kónguló, **5.** agn, **7.** bölsýnn, **10.** gat, **13.** gas, **15.** pápi, **16.** nös, **19.** na.


# Helgarblað
alla laugardaga



# Diskódrottningin og Slátrarinn af Snæfellsnesi

Helga Möller og Gunnar Sigurðsson setjast á rökstóla.




**Meðal annars efnis:**

**Sterar, svindl og slagsmál**

Umdeildu augnablikin á Ólympíuleikunum í gegnum tíðina.


# Boltinn rúllar

**BAKÞANKAR**
**Björns Þórs Sigbjörnssonar**



Þegar ég var gutti mætti ég stundum á fótboltaæfingar á malarvelli KA. Þjálfarinn reykti á æfingum og var stundum fullur. Ég átti ekki upp á pallborðið hjá honum; fékk fá tækifæri eins og það heitir, og þótt aðrir þjálfarar kæmu seinna, óreykjandi og edrú, komst ég heldur ekki í liðið. Fljótlega hætti ég að æfa en hafði áfram áhuga á fótbolta.

**VORIÐ** 1984 eygði ég möguleika á góðum árangri KA í meistaraflokki því í liðið var kominn Mark nokkur Duffield sem var sagður góður. Hann var með sítt að aftan, svona eins og Glenn Hoddle í Tottenham. KA féll um haustið. Nokkru síðar kom Guðjón Þórðarson og KA varð Íslandsmeistari. Það var stærsta stund lífs míns til þess tíma. Upp frá því hætti ég að fylgjast með fótbolta.

**ÉG** vissi fyrst af tilvist Davids Beckham þegar hann var orðinn kyntákn og prýddi forsíðu glanstímarits. Mér fannst merkilegt að fótboltamaður væri í því hlutverki og fór að fylgjast með á ný. Þá voru komnir talsverðir peningar í fótboltann en þó bara brot af því sem er í dag. Verkamenn í Bretlandi höfðu enn þá efni á ársmiða.

**NÚ** lifa ótrúlega margir leikmenn einhvers konar Hollywood-/rokkstjörnulífi með tilheyrandi þörf fyrir að láta bóna á sér egóið. Þeir líta á sig sem nafla alheimsins fremur en hluta af liði. Alheimurinn dansar með, hefur þessa gaura upp til skýjanna og borgar uppsett verð fyrir skemmtunina.

**EFTIR** að sonur minn hóf að æfa með KR er svo komið að ég ver mörgum klukkutímum í viku í fótbolta. Ég fylgist með syninum, Pepsi-deildunum, bikarnum, 1. deildinni, 2. deildinni, enska boltanum, spænska boltanum, Meistaradeildinni, Evrópudeildinni, EM og HM. Ekki er nóg með að ég horfi á leiki heldur fylgist ég með öllu bullinu líka. Á þeim tíma þegar við Mark Duffield og Guðjón vorum í KA þá tjáðu menn sig með sendingum, skotum og tæklingum en nú fer stór partur af leiknum fram utan vallar. Misgáfulegar yfirlýsingar vella út úr mönnum í fjölmiðlum og á Twitter.

**ÞÓTT** mér mislíki við margt í fótboltanum hef ég einstaklega gaman af honum. Og ég viðurkenni að stundum hugsa ég til baka. Ef ég hefði verið betri þá væri ég kannski nýkominn heim úr atvinnumennsku. Með demant í eyranu og tattúveraða ermi og nokkrar sektir á bakinu fyrir ósæmileg ummæli á Twitter.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig

## Meðlæti úr kjötborði


Grillsumar Nóatúns
MAÍSKÓLFUR Á GRILLPRJÓNI
98 KR./STK.


NÝTT!
Grillsumar Nóatúns
FYLLTUR RAUÐLAUKUR M/ HVÍTLAUKSGRASI
98 KR./STK.


Grillsumar Nóatúns
SALT-BAKAÐAR KARTÖFLUR
98 KR./STK.


Grillsumar Nóatúns
TANDOORI LAMBASPJÓT MEÐ LAUK OG PAPRIKU
698 KR./STK.
ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI
AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT


Grillsumar Nóatúns
TANDOORI KJÚKLINGASPJÓT
598 KR./STK.
ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI
AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT

## Opið alla verslunarmanna-helgina!


AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI
LAMBALÆRI HEIÐMERKUR-KRYDDAÐ
1399 KR./KG
ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI


AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI
20% afsláttur
LAMBAINNLÆRI
3198 KR./KG
~~3998~~
ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI


DALA AUÐUR HVÍTMYGLU-OSTUR, 170 G
439 KR./STK.


NÝTT!
FIÐRINGUR BLÁMYGLU-OSTUR, 250 G
673 KR./STK.


LAXAFLÖK, BEINHREINSUÐ
2198 KR./KG
ÚR FISKBORÐI – FERSKIR Í FISKI


LAXABITAR
1348 KR./KG
ÚR FISKBORÐI – FERSKIR Í FISKI


CAJ P´S GRILLOLÍUR, 4 TEGUNDIR, 250 ML
298 KR./STK.

100 VILDARPUNKTAR FYLGJA MEÐ HVERJUM KASSA!


ÍM KJÚKLINGABRINGUR
2338 KR./KG


EMMESS ÍSBLÓM
20% afsláttur


SÍRÍUS SÚKKULAÐIKEX, 480 G
798 KR./PK.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
EXPO • www.expo.is

Opið til miðnættis alla daga 8-24
OPIÐ ALLA VERSLUNARMANNAHELGINA
NÓATÚN
Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt










# 700 myndir borist á RIFF

**Fleiri en 700 myndir hafa borist á alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík sem hefst í lok september.**

„Þegar hafa um 700 myndir verið sendar inn, en í fyrra voru þær um 500. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa þó enn smá tíma en þar sem þeir geta verið svo seinir var umsóknarfrestur fyrir þá framlengdur út þessa viku," segir Atli Bollason, kynningarfulltrúi og ritstjóri Reykjavík Film Festival, eða RIFF.

RIFF-hátíðin er langstærsta kvikmyndahátíðin hérlendis og verður hún haldin í sjötta skipti dagana 27. september til 7. október næstkomandi. „Það er um tuttugu manna hópur sem situr við að kemba það sem er sent inn og velur úr um eitt hundrað myndir sem komast á hátíðina. Myndirnar eru jafn misjafnar og þær eru margar og af mismiklum gæðum, en það er gaman að sjá hvað leynast alltaf margir gullmolar í hrúgunni," segir Atli og bætir við að töluvert meira sé sent inn af erlendum myndum en íslenskum.

Stærstu verðlaun hátíðarinnar eru Gyllti lundinn og eru þau veitt fyrir bestu myndina, en aðeins þeir sem eru að senda inn sína fyrstu eða aðra mynd geta hlotið þau. „Aðalverðlaunin hjá okkur fara til nýliða, sem er öfugt við það hvernig þetta er í flestum öðrum keppnum þar sem þeir eru oftast hafðir í aukahlutverki," segir Atli. Í fyrra mættu um 30.000 manns á hátíðina og býst Atli ekki við minni aðsókn í ár. „Hátíðin er mjög vinsæl meðal Íslendinga og svo fylgja erlendir framleiðendur myndum sínum oft auk þess sem hellingur af blaðamönnum og bransafólki kemur til landsins til að vera viðstatt," segir hann en meðal þeirra sem hafa þegar staðfest komu sína er Marjane Satrapi, leikstýra og höfundur Persepolis

**- trs**



**NÝLIÐAR Í AÐALHLUTVERKUM** Atli Bollason hjá RIFF segir þá veita nýliðum aðalverðlaunin á hátíðinni, sem sé öfugt við flestar aðrar sams konar hátíðir þar sem þeir séu hafðir í aukahlutverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Bíó ★★★☆☆

**Killer Joe**

Leikstjórn: William Friedkin

**Leikarar:** Matthew McConaughey, Emile Hirsch, Juno Temple, Gina Gershon, Thomas Haden Church

## Skemmtilegur subbuskapur

Exorcist-kempan William Friedkin nálgast nú áttrætt en heldur sig við efnið og sendir nú frá sér hina subbulegu Killer Joe. Myndin hlaut hinn óvinsæla NC-17 stimpil frá kvikmyndaeftirlitinu vestanhafs, en það þýðir að engum undir 17 ára aldri er hleypt inn á myndina. Aldurstakmarkið getur haft í för með sér umtalsvert tekjutap fyrir framleiðendur en engu að síður var Killer Joe látin flakka óstytt í bíó.

Myndin, sem byggð er á samnefndu leikriti Tracy Letts, segir frá durtslegri fjölskyldu í Texas sem leggur á ráðin um að drepa fyrrverandi eiginkonu og barnsmóður fjölskylduföðurins. Til verksins ráða þau Manndráps-Jóa, rannsóknarlögreglumann sem drýgir tekjurnar með leigumorðum, en fljótlega kemur í ljós að Jói er jafnvel brenglaðri en í upphafi var talið.

Andstyggilegt titilhlutverkið verður enn áhugaverðara í höndum sjarmatrölls á borð við McConaughey, en hann fer hér algjörlega á kostum sem hinn kynferðislega brenglaði en fjallmyndarlegi morðhundur. Gershon, Church og Hirsch ofleika öll temmilega en það venst fljótt og virðist vera hluti af sýningunni. Það er þó Juno Temple sem stelur senunni í hlutverki unglingsstúlkunnar á heimilinu. Frábær leikkona sem ég hlakka til að sjá meira af.

Með hæfileika sína í farteskinu og traustan leikhóp til umráða má segja að Friedkin hafi hér flest verkfærin til þess að búa til frábæra kvikmynd, en honum tekst það því miður ekki alveg. Losaralegur endaspretturinn dregur úr áhrifamættinum og hin viljandi óljósu sögulok skapa hvorki skemmtilega óvissu né umræður, heldur pirring og svekkelsi. Þetta er synd þar sem leikstjórinn á mörg frábær, listræn augnablik í fyrri hlutanum. Að lokum mætti einhver benda honum á að ráða til sín betri klippara.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Skemmtileg en nokkuð subbuleg.



**STJARNAN OG SENUÞJÓFURINN** Matthew McConaughey fer á kostum í titilhlutverki myndarinnar en hin unga Juno Temple stelur senunni.






# Blomberg

# TILBOÐSDAGAR

# 15-30% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM BLOMBERG HEIMILISTÆKJUM

*Ofnar, helluborð, uppþvottavélar, kæliskápar og fleiri heimilistæki frá Blomberg á frábærum tilboðsverðum.*

**Nokkur verðdæmi**



Blomberg BEO9444X
**BÖKUNAROFN**
**Áður 109.990**
**Nú 89.990**



Blomberg MIN54306N
**SPANHELLUBORÐ**
**Áður 99.990**
**Nú 79.990**



Blomberg WNF7462A20
**ÞVOTTAVÉL 7kg / 1600sn**
**Áður 119.990**
**Nú 99.990**



Blomberg GUN3200X
**UPPÞVOTTAVÉL / STÁL**
**Áður 89.990**
**Nú 69.990**



Blomberg SND9681
**180sm KÆLISKÁPUR**
**Áður 139.990**
**Nú 109.990**

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

Lokað um verslunarmannahelgina.

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# GRILLÞRENNA Krónunnar

GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4



1 FLASKA AF 2 LÍTRA COKE, COKE LIGHT EÐA COKE ZERO FYLGIR MEÐ HVERJUM GRILLBAKKA!

Coca-Cola

Grillað létta



## GRILLBAKKI 1 SNÖGGI GRILLARINN

**1598 kr./kg**

Kjúklingaleggir, 2 pylsutegundir og grísarif

## GRILLBAKKI 2 STEIKARGRILLARINN

**1998 kr./kg**

Ungnauta entrecote, grísahnakki og grísaspjót

## GRILLBAKKI 3 FLOTTI GRILLARINN

**2198 kr./kg**

Grísakótilettur, grísasíða og lambainnralæri



## FRÁBÆRT á grillið

**1398 kr. kg**

Piparmarinerað lambalæri

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja og eplamarinerað!



4 í pk.

**698 kr. pk.**

Grillborgarar með brauði, 4 stk.



**699 kr. pk.**

B4Y grillkol, 2,5 kg

## 30% afsláttur



**1999 kr. stk.**

Verð áður ~~2999~~ kr. stk.

Notebook ferðakolagrill



Stórsniðug kælitaska og kollur – hægt að brjóta saman!

**2999 kr. stk.**

Kælitaska og kollur, 3 lítir

Fáanlegt í Krónunni: Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellssbæ, Reyðarfirði, Selfossi og Vestmannaeyjum

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

## Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

– komdu og gerðu frábær kaup!

# DÚNDURGOTT VERÐ




1798 kr. kg

Krónu kjúklingabringur



2 í pk.

399 kr. pk.

Ungnauta hamborgari 120 g, 2 í pk.




10 í pk.

398 kr. pk.

Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g

Gott saman!




1398 kr. tvennan

Spare Ribs og Iceland maísstönglar



499 kr. stk.

Landmann einnota grill, 600 g




196 kr. pk.

Doritos snakk, 3 teg., 165 g




49 kr. stk.

X-Ray, 250 ml




12 í pk.

399 kr. pk.

Samba kossar, 2 teg., 300 g

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# sport

sport@frettabladid.is



**SEX ÍSLENDINGAR** keppa á Ólympíuleikunum í London í dag. Blað verður brotið í Ólympíusögu þjóðarinnar þegar boðsundssveit Íslands keppir í 4x100 m fjórsundi kvenna en Ísland hefur aldrei fyrr átt slíka sveit á Ólympíuleikum. Anton Sveinn McKee og Sarah Blake Bateman verða einnig í eldlínunni í sínum sterkustu greinum, sem og Þormóður Jónsson í júdó og Óðinn Björn Þorsteinsson í kúluvarpi.

# Ég er ekki aumari en hann

**Þormóður Jónsson keppir í júdó á Ólympíuleikunum í London í dag. Hann dróst gegn einum allra sterkasta júdómanni heims strax í 32-manna úrslitum en mætir samt óttalaus til leiks. „Það er enginn öruggur með sigur," segir hann.**

**ÓL 2012** Keppni í +100 kg flokki í júdó á Ólympíuleikunum í London hefst í dag og á Ísland sinn fulltrúa þar. Þormóður Árni Jónsson verður í eldlínunni á sínum öðrum Ólympíuleikum í röð en síðast komst hann í 16-manna úrslit og var aðeins hársbreidd frá því að fara enn lengra.

Þormóður er einn 32 glímukappa í flokknum en keppt er með útsláttarfyrirkomulagi. Óhætt er að segja að Þormóður hafi verið óheppinn með andstæðing því hann dróst gegn Brasilíumanninum Rafael Silva strax í fyrstu umferð.

Silva þessi er einn allra besti júdómaður heims – ríkjandi Ameríkumeistari og í þriðja sæti heimslistans. Þormóður hefur nú haft viku til að undirbúa sig og telur sig vera reiðubúinn að veita Brasilíumanninum alvöru samkeppni.



**KRAFTAKARL** Þormóður Jónsson ætlar að selja sig dýrt gegn Ameríkumeistaranum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Ekki svo hroðalega sterkur

Þjálfari hans, Bjarni Friðriksson, vann brons í júdó á Ólympíuleikunum í Los Angeles árið 1984 og er margreyndur í íþróttinni. Hann og Þormóður hafa undirbúið sig af kostgæfni fyrir bardagann í dag.

„Ég glímdi við hann í fyrra og við höfum skoðað upptöku af glímunni. Þar sáum við nokkra jákvæða punkta en líka neikvæða sem við höfum reynt að laga. Við þykjumst vera komnir með keppnisáætlun gegn honum," segir Þormóður við Fréttablaðið en þeir Silva mættust í bronsglímu á heimsbikarmóti í Varsjá í fyrra.

Hann segir að Silva sé bæði stærri og þyngri en hann sjálfur – það segi þó ekki alla söguna. „Ég er örugglega ekkert aumari en hann þó svo að hann sé stærri. Mér finnst hann ekkert svo hroðalega sterkur. Hann er langur og það er erfitt að komast yfir hann enda ætla ég ekki að reyna það," segir Þormóður ákveðinn.

„Ég verð að passa vel að hann nái ekki að stöðva mig. Þá verð ég sitjandi bráð. Ég verð að vera á mikilli hreyfingu og stöðva á honum hægri höndina – hún er hans mesti styrkur. Ef ég næ að trufla hana er aldrei að vita hvað gerist."

Silva vann umræddan bardaga gegn Þormóði á ippon – fullnaðarsigri. „En það var eftir þrjár eða fjórar tilraunir hjá honum. Það var ein mínúta eftir af glímunni og jafnt á stigum. Þá var ég heldur ekkert búinn að skoða hann en nú hef ég haft viku til að undirbúa mig. Nú veltur allt á mér að framkvæma þá áætlun sem við höfum samið og halda einbeitingu."

### Riner er ógnarsterkur

Ólympíugull eru eftirsóttustu verðlaunin í júdóheiminum og því allir sem vilja komast á leikana. Sá sem þykir langlíklegastur til sigurs í flokki Þormóðs er Frakkinn Teddy Riner. Hann hefur verið nánast ósigrandi síðustu ár.

„Ég myndi allavega veðja bankabókinni á hann," sagði Þormóður í léttum dúr. „En það hafa verið óvænt úrslit í öðrum flokkum hér á leikunum og það er gríðarlega mikil pressa á honum vegna þess að allir reikna með því að hann sigri. En hann dróst gegn góðum andstæðingi í fyrstu umferð – einum þeim allra kröftugasta í flokknum," segir Þormóður.

„Það er enginn öruggur í þessari íþrótt. Einbeitingarskortur eða kæruleysi í eitt augnablik geta verið dýrkeypt og þá er þetta búið á augabragði. Þannig ætla ég að nálgast keppnina."

Hann neitar því ekki að það hafi verið svekkjandi að dragast gegn svo sterkum andstæðingi í fyrstu umferð en dvelur þó ekki lengi við það. „Það er alltaf hægt að stelast áfram. Ef ég vinn Brassann þá fæ ég bara aðeins auðveldari andstæðing í næstu umferð. Það er mér í vil."

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Valgarður Gíslason**



fjalla um ÓL 2012

eirikur@frettabladid.is - valli@frettabladid.is

48 ára bið á enda og Ísland hefur aldrei byrjað betur á Ólympíuleikum:

# Svíagrýlan kveðin endanlega niður

**ÓL 2012** Strákarnir okkar bundu í gær enda á 48 ára bið Íslands eftir sigri á Svíum á stórmóti þegar þeir lögðu frændþjóð okkar, 33-32, á Ólympíuleikunum í Svíþjóð.

Ísland hafði unnið sinn fyrsta og eina stórmótssigur gegn Svíþjóð á HM í Tékkóslóvakíu árið 1964 en svo komu níu tapleikir í röð – þangað til í gær.

Strákarnir okkar voru frábærir gegn Svíum í gær og líklega enginn betri en Aron Pálmarsson sem skoraði níu mörk í öllum regnbogans litum. Reyndar áttu strákarnir allir frábæran leik, ef frá eru taldar fyrstu mínútur leiksins og þær síðustu.

Eftir að hafa náð vænni forystu í seinni hálfleik náðu Svíar að minnka muninn í tvö mörk og komast í sókn þegar mínúta var eftir. En þá fiskaði Alexander mikilvægan ruðning á Dalibor Doder. Ásgeir Örn Hallgrímsson jók svo muninn í tvö mörk áður en Svíar minnkuðu hann aftur í eitt á lokasekúndunni. Þetta stóð því tæpt að lokum en hafðist.

Ísland hafði þangað til í gær aldrei unnið fyrstu þrjá leiki sína á Ólympíuleikum og því um sögulegan áfanga að ræða. **- esá**



**STÓRKOSTLEGUR Í VÖRNINNI** Ingimundur Ingimundarson hefur farið á kostum í vörn og hraðaupphlaupum á ÓL í London. Hér skorar hann í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## TÖLFRÆÐIN

**Ísland-Svíþjóð 33-32 (17-13)**

**Mörk Íslands (skot):** Aron Pálmarsson 9 (13), Guðjón Valur Sigurðsson 7 (11), Alexander Petterson 5 (10), Ólafur Stefánsson 5/2 (11/2), Arnór Atlason 3 (4), Ingimundur Ingimundarson 2 (2), Róbert Gunnarsson 1 (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (2), Snorri Steinn Guðjónsson (3),
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 10 (34/1, 29%), Hreiðar Levý Guðmundsson 2 (10/2, 20%),
**Hraðaupphlaup:** 10 (Alexander 3, Aron 2, Guðjón Valur 2, , Ingimundur 2, Róbert) - Svíþjóð 10
**Utan vallar:** 16 mínútur - Svíþjóð 6
**Mörk Svíþjóðar (skot):** Jonas Källman 9 (10), Kim Ekdahl du Rietz 8 (9), Kim Andersson 6 (11), Dalibor Doder 3 (5), Niclas Ekberg 3/3 (5/3), Andreas Nilsson 2 (4), Tobias Karlsson 1 (1), Johan Jakobsson (1), Jonas Larholm (2),
**Varin skot:** Mattias Andersson 10 (26, 38%), Johan Sjöstrand 7 (24/2, 29%)

**STAÐAN Í RIÐLINUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Frakkland** | **3** | **3** | **0** | **0** | **101-54** | **6** |
| Ísland | 3 | 3 | 0 | 0 | 96-79 | 6 |
| **Svíþjóð** | **3** | **2** | **0** | **0** | **101-73** | **4** |

Argentína 2 stig, Túnis 0 stig, Bretland 0 stig



**TVÖ MÖRK** Gary Martin hefur skorað tvö mörk í þremur leikjum sínum með KR. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KR í úrslit Borgunarbikarsins:

# Martin hetjan

**FÓTBOLTI** KR-ingar tryggðu sér í gærkvöldi sæti í úrslitum Borgunarbikars karla í knattspyrnu. Gary Martin heldur áfram að reynast KR-ingum góð kaup en Englendingurinn skoraði sigurmarkið á 42. mínútu.

„Þetta var gríðarlega erfitt. Gott Grindavíkurlið veitti okkur gríðarlega mikla mótspyrnu," sagði Rúnar Kristinsson þjálfari KR sem mætir Stjörnunni í úrslitum bikarsins laugardaginn 18. ágúst.

„Stjarnan er með frábært lið og hefur spilað liða best í sumar. Þetta verður gríðarlega erfiður úrslitaleikur," segir Rúnar sem reiknar með baráttu innan sem utan vallar.

„Það verður gaman að sjá stuðningsmenn liðanna bítast um stúkuna," sagði Rúnar. **-ktd**



**EYGLÓ ÓSK** Sést hér í upphafi sundsins í London í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eygló Ósk Gústafsdóttir:

# Var alveg búin á því í lokin

**SUND** Eygló Ósk Gústafsdóttir náði besta árangri íslenska sundfólksins á Ólympíuleikunum í London í gær þegar hún hafnaði í 20. sæti í 200m baksundi í gærmorgun. Sextán bestu komust áfram í undanúrslit en Íslandsmet Eyglóar hefði dugað til að komast í þann hóp.

Hún segir það þó ekki svekkjandi tilhugsun. „Alls ekki. Ég hef bara verið að synda á morgnana og þá er maður hægari en á kvöldin. Ég hef aldrei synt svona hratt að morgni til í öllum mínum greinum hér og þetta sýnir að ég er að toppa. Ef ég væri að synda að kvöldi til væru tímarnir örugglega betri," sagði hún og bætti við að hún hefði gefið allt sitt í þetta.

„Ég gaf allt í þetta. Síðustu 50 metrarnir eru það erfiðasta sem ég hef upplifað. Ég var alveg búin á því." **- esá**



**ÁRNI MÁR** Synti á sama tíma og fyrir fjórum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árni Már Árnason:

# Framtíðin er óráðin

**ÓL 2012** Árni Már Árnason keppti í 50 m skriðsundi á Ólympíuleikunum í gær en það er hans eina grein á leikunum. Hann synti á 22,81 sekúndu sem er sami tími og hann náði í Peking fyrir fjórum árum. Hann hafnaði í 31. sæti.

Þó hefur Árni varla keppt í skriðsundi síðan á síðustu Ólympíuleikum, þar sem hann var frekar notaður í bringusund í háskólaliði sínu í Bandaríkjunum. Hann lýkur námi þar um næstu áramót.

„Skriðið lítur ágætlega út hjá mér," sagði hann en hann hafði náð að bæta sig í greininni í aðdraganda leikanna. Íslandsmet hans er 22,53 sekúndur og aðeins nokkurra vikna gamalt. „Jacky [Pellerin landsliðsþjálfari] segir að ég eigi eitthvað inni ef ég einbeiti mér að því áfram."

Framtíðin er þó óráðin hjá honum. „Ég fer svo aftur út í skólann í haust og klára gráðuna mína um jólin. Svo kem ég heim og ákveð hvað ég geri þá." **- esá**

## Íslendingar á ÓL 2012

**FÖSTUDAGINN 3. ÁGÚST**

**08.30: Júdó, +100 kg karla**
**Þormóður Jónsson,** 32 manna úrslit

**09.00: Kúluvarp karla undankeppni**
**Óðinn Björn Þorsteinsson,** A-hópur

**09.14: 50 m skriðsund kvenna**
**Sarah Blake Bateman,** 7. riðill

**09.24: 1500 m skriðsund karla**
**Anton Sveinn McKee,** 1. riðill

**10.41: 4x100 m fjórsund kvenna**
**Boðsundssveit Íslands,** 2. riðill



BURSTAR í vélsópa á lager
- flestar stærðir
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

Grillaðu!
Pylsu meistarinn
við Laugalæk




ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 2 NETFRELSI AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Stöð 2 kl. 20.05

### So You Think You Can Dance

***Það verða glæsileg tilþrif hjá dönsurunum í So You Think You Can Dance á Stöð 2 í kvöld. Núna fækkar í hópnum og ljóst að dómararnir ætla ekki að leyfa nein mistök.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR ÆPIR

# *Skemmtileg stéttabarátta*



Popppunktur er einn af þessum þáttum sem ég hef aldrei þolað. Samt þykja mér spurningakeppnir skemmtilegar, Dr. Gunni og Felix frábærir og þrautirnar í þáttum þeirra oft stórsniðugar. Það er hins vegar ég sjálf sem veld því að Popppunktur pirrar mig.

Þannig er nefnilega mál með vexti að mér hefur alltaf þótt hrikalega töff að vera tónlistarspekúlant. Yfir hverjum Popppunktsþætti er ég hins vegar – með hverri spurningunni á fætur annarri sem ég get ekki svarað – stöðugt minnt á að ég verð aldrei ein af þeim. Það vantar þessa örflögu í heilann á mér sem geymir upplýsingar um nöfn hljómsveita og hvað þá einstakra platna og hljóðfæraleikara. Þetta er svartur blettur á sjálfsmynd minni sem illa gengur að afmá. Ó, hvað ég skammast mín!

Þess vegna er ég svo hoppandi kát með Popppunkt sumarsins, þar sem stéttir eigast við en ekki hljómsveitir og spurningarnar eru sniðnar að fávísum. Ég skemmti mér konunglega yfir viðureign háskólakennara og leikskólakennara í síðustu viku. Í fyrsta sinn gat ég öskrað svarið að sjónvarpstækinu áður en keppendur voru búnir að svara. Nú hlakka ég til að fylgjast með fulltrúum náttúru og stóriðju í kvöld. Ég er viss um að ég veit miklu meira en þeir. Takk, Gunni og Felix, fyrir þetta egóbúst.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Af minnisstæðu fólki **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Siglt um höfin breið **14.00** Fréttir **14.03** Söngleikir okkar tíma **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Örugg vegferð þjóðarinnar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Umferðarútvarp **16.07** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.48** Umferðarútvarp **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlist fólksins **20.00** Leynifélagið **20.30** Albert **21.30** Kvöldsagan: Þrítugasta kynslóðin **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Umferðarútvarp **22.15** Litla flugan **23.05** Liðast um landið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**09.00 Ólympíuleikarnir** - Júdó

**11.50 Ólympíuleikarnir** - Frjálsar íþróttir

**12.45 Ólympíuleikarnir** - Sund

**15.40 Ólympíuleikarnir** - Blak (Brasilía - Kína (kvk))

**17.20 Leó** (39:52) (Leon)

**17.23 Snillingarnir** (54:54) (Little Einsteins)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Fréttir og veður**

**18.30 Ólympíuleikarnir** - Sund

**19.35 Ólympíuleikarnir** - Frjálsar íþróttir

**21.00 Popppunktur** (5:8) (Stóriðja - Náttúra) Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni starfsgreina. Í þessum þætti eigast við stóriðjumenn og náttúrumenn.

**22.05 Dráparinn – Illt blóð** (3:6) (Den som dræber) Um æsispennandi leit dönsku lögreglunnar að raðmorðingja. Meðal leikenda eru Laura Sofia Bach, Jakob Cedergren og Lars Mikkelsen. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.35 Blánætti** (Powder Blue) Nokkrir Los Angeles-búar af ólíku sauðahúsi hittast fyrir tilviljun á aðfangadagskvöld. Leikstjóri er Timothy Linh Bui og meðal leikenda eru Jessica Biel, Eddie Redmayne, Forest Whitaker, Ray Liotta, Lisa Kudrow, Patrick Swayze og Kris Kristofferson. Bandarísk bíómynd frá 2009. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Make It Happen**

**10.00 The Wedding Singer**

**12.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**

**14.00 Make It Happen**

**16.00 The Wedding Singer**

**18.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**

**20.00 Adam**

**22.00 The Game**

**00.05 Georgia O'Keeffe**

**02.00 Black Sheep**

**04.00 The Game**

**06.05 The Majestic**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.50 Malcolm in the Middle** (9:25)

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 Doctors** (115:175)

**10.15 Sjálfstætt fólk** (12:30)

**10.55 The Glades** (13:13)

**11.45 Cougar Town** (7:22)

**12.10 Kalli Berndsen-Í nýju ljósi** (9:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 A Walk In the Clouds** Rómantísk ævintýramynd um ungur hermaður snýr aftur til átthaganna eftir að hafa þjónað í síðari heimsstyrjöldinni. Fyrir tilviljun hittir hann fagra dóttur vínekrueiganda sem er þunguð og þorir ekki að mæta föður sínum ein og óstudd.

**14.40 Sorry I've Got No Head**

**15.10 Tricky TV** (8:23)

**15.35 Hundagengið**

**16.00 Waybuloo**

**16.20 Scooby Doo og félagar**

**16.40 Ævintýri Tinna**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Simpson-fjölskyldan** (4:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 American Dad** (8:19)

**19.40 Simpson-fjölskyldan** (20:22)

**20.05 So You Think You Can Dance** (9:15) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur níunda sinn.

**21.30 Vegas Vacation** Önnur gamanmyndin um hrakfallabálkinn Clark Griswold og fjölskyldu hans. Að þessu sinni skella þau sér í gott leyfi til spilaborgarinnar Las Vegas.

**23.05 Jennifer's Body** Gamansöm hrollvekja Með Megan Fox og Amöndu Seyfried í aðalhlutverkum um klappstýru sem kem sérhæfir sig í að koma bekkjarfélögum sínum fyrir kattarnef og vinkonu hennar sem reynir að koma í veg fyrir það.

**00.45 The Soloist** Sannsöguleg mynd um blaðamann sem tekur upp á sína arma hámenntaðan tónlistarmann sem býr á götunni.

**02.40 Preacher's Kid**

**04.25 A Walk In the Clouds**

**06.05 Simpson-fjölskyldan** (20:22)

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Bikarkeppni kk: Grindavík - KR**

**16.20 Pepsi mörkin**

**17.30 Rey Cupmótið** Sýnt frá alþjóðlega knattspyrnumótinu sem haldið er í Reykjavík fyrir 3. og 4. flokki karla og kvenna.

**18.15 Bikarkeppni kk: Grindavík - KR**

**20.05 Samuel L. Jackson á heimaslóðum** Skemmtilegur golfþáttur þar sem David Feherty heimsækir leikarann Samuel L. Jackson sem er forfallinn golfari og spjallar við hann um golfið.

**20.50 Sterkasti maður Íslands**

**21.25 UFC 121** Allir bestu bardagamenn heims mætast.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 QPR - Liverpool**

**20.00 Goals of the Season 2011/2012**

**21.00 Premier League World 2012/13**

**21.30 Swansea - Wolves**

**23.15 Michael Owen** Skemmtileg þáttaröð um bestu knattspyrnumenn allra tíma. Að þessu sinni verður fjallað um Michael Owen sem sló kornungur í gegn með Liverpool og var valinn Knattspyrnumaður Evrópu árið 2001.

**23.40 PL Classic Matches: Middlesbrough - Man Utd, 1999**

## 2 EXTRA

**19.30 Doctors** (3:175)

**20.10 Friends** (5:24)

**20.35 Modern Family** (5:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Masterchef USA** (11:20)

**22.30 The Closer** (13:21)

**23.15 Fringe** (7:22)

**00.00 Southland** (2:6)

**00.45 Friends** (5:24)

**01.10 Modern Family** (5:24)

**01.35 Doctors** (3:175)

**02.20 Fréttir Stöðvar 2**

**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.25 Pan Am** (1:14) (e)

**17.15 Rachael Ray**

**18.00 One Tree Hill** (3:13) (e)

**18.50 America's Funniest Home Videos** (21:48) (e)

**19.15 Will & Grace** (11:24) (e)

**19.40 The Jonathan Ross Show** (11:21) (e)

**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Fegurðardís og lúði taka höndum saman.

**21.15 The Biggest Loser** (13:20)

**22.45 HA?** (24:27) (e)

**23.35 The River** (7:8) (e) Hrollvekjandi þáttaröð um hóp fólks sem lendir í yfirnáttúrulegum aðstæðum í Amazon. Hópurinn finnur rannsóknarstofuna hans Emmet yfirgefna en þar hafa verið stundaðar tilraunir á innfæddum sem hefur umbreytt þeim í mannætur, þær leika lausum hala og gera hópnum erfitt fyrir í leit sinni að Emmet.

**00.25 Vexed** (3:3) (e) Breskir sakamálaþættir sem fjalla um rannsóknarlögreglumennina Kate og Jack. Hljómsveitarmeðlimi úr stúlknasveit er rænt og krafist er lausnargjalds. Ekki gengur sem skyldi að fá stúlkuna til baka og mögulega hefur almannatengslafulltrúi hljómsveitarinnar eitthvað að gera með hvarfið.

**01.25 Jimmy Kimmel** (e)

**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.55** World Golf Championship 2012 (1:4) **11.55** Golfing World **12.45** Golfing World **13.35** World Golf Championship 2012 (1:4) **17.35** Inside the PGA Tour (31:45) **18.00** World Golf Championship 2012 (2:4) **22.00** PGA Tour - Highlights (28:45) **22.55** World Golf Championship 2012 (2:4) **02.00** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.20** ,Allo ,Allo! **07.20** My Family **08.20** Dalziel and Pascoe **10.00** Deal or No Deal **10.35** My Family **11.05** Extreme Makeover: Home Edition **11.45** QI **12.45** ,Allo ,Allo! **13.50** My Family **14.50** Top Gear **15.40** QI **16.40** Extreme Makeover: Home Edition **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.20** Shooting Stars **21.45** Peep Show **22.14** Live at the Apollo **23.00** Top Gear **23.50** The Graham Norton Show **00.35** QI **01.05** Shooting Stars

## DR 1

**06.15** Garfield **06.25** SommerSummarum **07.30** OL 2012 **08.00** OL 2012 **10.00** OL 2012 **10.10** OL 2012 **11.00** OL 2012 **12.30** OL 2012 **13.00** OL 2012 **13.10** OL 2012 **15.30** OL 2012 **16.30** TV Avisen med vejret **17.00** OL 2012 **18.30** OL 2012 **19.35** OL 2012 **20.10** OL 2012 **20.50** OL 2012 **21.05** OL 2012 **21.40** OL 2012 **22.00** Griffin & Phoenix **23.40** Arvingen til Glenbogle **04.00** Noddy **04.10** Sprutte-Patruljen **04.20** Kære Sebastian **04.50** Olivia **05.00** Der var engang.... **05.25** Ellevilde Ella **05.35** Gnotterne

## NRK 1

**07.00** OL morgen **09.00** OL i London **10.00** NRK nyheter **10.05** OL i London **11.00** OL i London **12.00** OL i London **13.00** NRK nyheter **13.05** OL i London **15.00** NRK nyheter **15.10** OL i dag **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** OL i London **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** OL-studio med Anne Rimmen **18.00** OL i London **20.00** OL i London **21.40** Kveldsnytt **21.50** London by night **22.45** OL i London **23.45** OL i London **01.15** OL i London **02.15** OL i London **03.30** OL i London

## svt1

**07.30** OS i London **08.00** OS i London **11.00** OS i London **13.00** OS i London **15.00** OS i London **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** OS i London **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** OS i London **20.55** OS i London **22.00** OS i London **23.00** OS i London **03.00** OS i London **04.00** OS i London

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


MYNDAVÉLATILBOÐ

Panasonic ideas for life

TILBOÐ 79.990

FULLT VERÐ kr. 109.990




Panasonic DMCGF3C

ADOBE LIGHTROOM 3 AÐ VERÐMÆTI 20.000 FYLGIR.

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



Maxi
Alvöru bíópopp
heima í stofu
Gott milli mála
Maxi
pop corn
ca. 70 g.
Gott milli mála
Maxi
OSTA
pop corn
Húðað með Cheddarosti
Gamla góða bíópoppið
Næringargildi í 100 gr:
Orka 1900 kj / 460 kcal.
Prótein 10 g.
Kolvetni 52 g.
Þar af: Sykur 1 g.
Kókosolía (fita) 21 g.
Þar af: Mettaðar fitusýrur 15 g.
Trefjar 12 g.
Natríum 1 g.
Poppaðu heima
Maxi
BÍÓ
POPPOLÍA
200 ml
Maxi
BÍÓ
POPPSALT
100 g
Maxi
BÍÓ
POPPMAÍS
500 g
Hágæða poppmaís frá Maxí í yfir 40 ár
Ekta Bíó poppsalt, bíó stemmingin heim í stofu
Ekta Bíó poppolía, kókosolía með smjörbragði
Maxi - Gott milli mála
WWW.MAXI.IS
Ráðandi - auglýsingastofa ehf

FÖSTUDAGSLAGIÐ



„Ég fer bara alla leið og segi Mutter með Rammstein, það er eina lagið sem blífur.“

Óttar Guðmundsson geðlæknir.

# Draggkeppni á glæsilegasta sviði landsins

„Það er varla hægt að gera dagskrána veigameiri en síðustu ár því hún er alltaf svo flott. En þetta verður dúndur glamúr og skemmtun í glæsilegasta sal landsins,“ segir listamaðurinn Georg Erlingsson Merritt um Draggkeppni Íslands sem haldin verður í fimmtánda sinn næsta miðvikudag.

Sjálfur tók Georg þátt í keppninni árið 1998 og hefur séð um hana síðan. „Það er ótrúlegt hversu mikið keppnin hefur stækkað og breyst á þessum tíma. Fyrstu árin var hún haldin á litlum búllum en á tíu ára afmælinu fluttum við hana í Loftkastalann og við það varð algjör sprenging,“ segir Georg sem fór þaðan með keppnina í Íslensku óperuna og fylgdi henni svo yfir í Hörpu í fyrra. Hann segir hugarfar fólks hafa breyst mikið með tímanum og að fólk sé nú orðið meira meðvitað um dragg sem listform.

Níu manns taka þátt í keppninni í ár, fimm stelpur og fjórir strákar. „Það getur hver sem er sótt um að vera með, „gay“ eða „straight“ og á hvaða aldri sem er. Fimmtug hóra gæti þess vegna sótt um,“ segir Georg og hlær. Mikil áhersla er lögð á persónuleikasköpun á sviðinu og mikilvægt að atriði og útlit fari vel saman. „Fólk verður að geta farið út í öfgar en samt verið sannfærandi. Auk þess þarf það að leysa ýmsar þrautir og allan tímann að passa sig á að detta ekki úr karakter,“ segir Georg. Keppnin fer fram í Eldborgarsal Hörpu 8. ágúst og er miðasala hafin. Leynd hvílir yfir því hverjir skipa dómnefndina en leikkonan Ágústa Eva Erlendsdóttir verður kynnir kvöldsins. „Hún er svo skemmtileg, það er aldrei að vita hvað henni dettur í hug að gera af sér svo fólk verður bara að koma og sjá,“ segir Georg kíminn. **- trs**



**ALLIR VELKOMNIR** Georg segir hvern sem er geta sótt um að komast í Draggkeppni Íslands. Í fyrra fóru þau Jennifer Hudson Obama og Möllerinn með sigur af hólmi.




BENNI VALSSON: OPNAR SÍNA FYRSTU ALVÖRU SÝNINGU Á ÍSLANDI

# Sýnir Leo DiCaprio og Bruce Willis á Akureyri

„Ég byrjaði í kringum ´98 að mynda fræga listamenn og hef verið mikið við það síðan,“ segir Bernharð Valsson, eða Benni Valsson eins og flestir þekkja hann. Hann hefur myndað margar stórstjörnur undanfarin fimmtán ár og opnar sína fyrstu alvöru sýningu á Íslandi á morgun í Ketilhúsinu á Akureyri. Veggi salarins prýða 57 myndir af leikurum og tónlistarmönnum og á meðal þeirra eru Leonardo DiCaprio, Naomi Watts, Robbie Williams, Patti Smith og Bruce Willis.

Björk er eini íslenski listamaðurinn á sýningunni. „Ég vann mikið með henni eftir útgáfu plötunnar Post um 1995 og fór með henni í tónleikaferðalag og við gerðum tískuþátt fyrir franskt tímarit,“ segir Benni sem hefur unnið töluvert með Björk í gegnum tíðina. „Það eiga að vera fjórar myndir af henni en það er ein að koma með flugvél frá París núna. Það er spurning hvort hún verði komin fyrir opnunina,“ segir hann hress.

Benni hefur myndað mikið fyrir frönsk tímarit og þá aðallega tísku- eða portrettmyndir en hann hefur verið búsettur í París frá 1985. „Ég hef unnið fyrir blöð eins og GQ, franska Elle og dagblöðin Le monde og Liberation,“ segir hann og stiklar á stóru. Margar ljósmyndir sýningarinnar tók hann fyrir franska kvikmynda- og tónlistartímaritið Les inrocks. Þar á meðal af Leonardo Di Caprio, Ben Stiller og Pete Doherty. „Ég hef einnig unnið töluvert fyrir breska Esquire og tók myndir af Daniel Craig og Justin Timberlake fyrir þá,“ segir hann. Hvorug myndanna komust inn á sýninguna en valið stóð á milli tæplega 200 mynda. „Við uppsetningu á sýningu þarf maður að reyna að ná einhverju sjónrænu út úr rýminu svo það eru myndir sem komast ekki að og ég hef þurft að henda út alls konar fólki,“ segir hann.

Benni vill ekki kannast við nafngiftina ljósmyndari fræga fólksins. „Ég er meira að mynda listamenn sem ég tel marka tímann sem við lifum á en að eltast við fræga og á sýningunni eru jafnframt myndir af grasrótarlistamönnum.“

Fjölskylda hans flutti til Akureyrar fyrir tveimur árum og flýgur hann á milli. „Ég er svona Akureyri-París, Akureyri-London.“ Nú síðast vann hann auglýsingar fyrir bresku sjónvarpsstöðina Channel 4 í júlí. „Ég átti líka að vera þar á morgun en það var ekki hægt,“ sagði hann í gær og játar að mikil spenna fylgi starfinu. „Já, það er mótorinn í þessu.“

**hallfridur@frettabladid.is**



**FYRSTA SÝNINGIN** Benni Valsson sýnir myndir af mörgum heimsfrægum listamönnum á fyrstu alvöru sýningu sinni á Íslandi sem verður opnuð í Ketilhúsinu á Akureyri á morgun og stendur til 26. ágúst. MYND/ÞÓRHALLUR JÓNSSON

# Vinningsljóðið ort í fangelsi

„Það bárust rúm fjórutíu ljóð og mörg þeirra voru það góð að við áttum erfitt með að velja sigurvegarana,“ segir Alma Rut Lindudóttir sem stóð fyrir ljóðasamkeppni meðal útigangsfólks.

Sigurvegari ljóðasamkeppninnar er Haukur Guðmundsson og samdi hann ljóðið Eiturlíf á meðan hann sat af sér dóm á Litla-Hrauni. Haukur hafði verið í óreglu í fjölda ára en sneri við blaðinu á afmælisdegi sínum þann 19. júní síðastliðinn og hefur verið edrú síðan.

„Verðlaunin voru valin með það í huga að þau gætu gagnast þeim vel. Þeir fengu til dæmis rakfroðu, rakspíra, mat og annað nytsamlegt,“ segir Alma og bætir við að fjölmennt hafi verið á veitingastaðnum Monte Carlo þegar sigurvegarinn var tilkynntur.

Ljóðin fimm birtast í ljóðabók sem tileinkuð er Lofti Gunnarssyni, sem lést í janúar og fer hún í prentun í næstu viku. Spurð út í titil bókarinnar segir Alma að enn sé bókin nafnlaus. „Við erum með svo mörg falleg nöfn, þetta er nánast eins og að velja nafn á barnið sitt,“ segir hún að lokum. **– sm**

## EITURLÍF

**Hér birtast fyrstu þrjú erindin í vinningsljóði Hauks:**

*Í hamingju gleymsku mig þyrsti,*
*ég dópaði eins og mig lysti.*
*Þetta allt átti að vera svo töff,*
*ég þræll nú er orðinn það er ei blöff.*

*Nei hamingjan ei fyrir eiturlyf er föl,*
*bara ranghugmyndir og eilíf kvöl.*
*Var dauðinn nú talin hin eina lausn,*
*hann átti að koma af mikilli rausn.*

*Enn í neyð minni kalla mig vantar svo*
*styrk, ég vona að björgin berist sem fyrst.*
*Á þessu lífi ég bara nú kvelst,*
*og byrja nýtt líf  vildi ég helst.*



**SIGURVEGARINN** Haukur Guðmundsson átti besta ljóðið í ljóðasamkeppni sem haldin var af Ölmu Rut Lindudóttur sem er með honum á mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# STJÖRNU-BÆKUR

★★★★★

PBB/FRTM




*„Koch er afhjúpandi höfundur … nöturlega fyndinn … kann að búa til spennu sem heldur lesanda á nálum. Hér er ekkert sem sýnist.“*

PBB/FRTM




★★★★

ALÞ/MBL




★★★★

SL/MBL




★★★★

PBB/FRTM




★★★★

PBB/FRTM

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Borgarstjóri LA vinur forsetans

Antonio Villaraigosa, borgarstjóri Los Angeles, dvaldi á Íslandi á dögunum en hann kemur nær árlega hingað til lands og heimsækir góðan vin sinn. Sá félagi er ekki af verri endanum en hann er forseti Íslands, herra **Ólafur Ragnar Grímsson**. Þeir hafa oft hist í Los Angeles sem og á Bessastöðum undanfarin ár og brugðu ekki út af vananum í þetta sinn. Ræddu þeir endurreisn íslensks efnahagslífs áður en borgarstjórinn fór norður að veiða í Víðidalsá ásamt frægu kynbombunni Bo Derek og kærasta hennar John Corbett, sem margir þekkja af hlutverki Aidans úr Beðmálum í borginni.



### Björk vinnur með Attenborough

**Björk Guðmundsdóttir** hefur hafið samstarf við náttúrulífsmyndafrömuðinn **David Attenborough** um gerð heimildarmynda um sögu tónlistar. Þættirnir munu bera nafnið Eðli tónlistar (e. The Nature of Music) og verða sýndir á Channel 4 í Bretlandi, að því er fram kemur á vef breska blaðsins Guardian. Í þáttunum munu Björk og Attenborough kanna þróun tónlistar, bæði í sögu mannkyns og í samhengi við aðrar dýrategundir jarðar. Attenborough mun bæði ræða um eigið dálæti á tónlist og hlutverk tónlistar í lífi dýra á borð við hvali og fugla. **- hþt, sh**



### Mest lesið vísir

1. Harður árekstur á Vitastíg
2. Ungmennin fundust heil á húfi í Brynjudal
3. Fundu einn af fjársjóðum sjóræningjans Henry Morgan
4. Um 100 manns í hópslagsmálum...
5. Með lífshættulega áverka eftir hnífstungu





